

# LÖGMANNABLAÐIÐ

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS 2. TBL. 18. ÁRG. 2012

LAGADAGURINN 2012 MEÐ MÁLSTOFUM, SÓLSELJUSÓSU,  
RÖKSTÓLUM, GRÍNI, HAMSAKRUMBLI, LANDSLAGABANDI,  
AXLARPRESSU OG DANSLEIK



AÐ LOKNUM  
LANDSDÓMI



VIÐTAL VIÐ NÝJAN  
FORMANN LMFÍ



## Lagadagur 2012

Þyrí Halla Steingrímisdóttir: Traust á dómstólum og tjáningarfrelsið	6
Málstofur og rökstólar	8
Að kvöldi Lagadags 2012	10

## Af vettvangi félagsins

Árni Helgason: Leiðari	4
Viðtal við Jónas Þór Guðmundsson: Á að vera málsvari ríkis og mannréttinda	12
Ný stjórn	14
Ingimar Ingason: Aðalfundur Lögmannafélags Íslands	22
Jónas Þór Guðmundsson Pistill formanns	23
Anna Lilja Hallgrímisdóttir: Um fjárvörslureikninga lögmanna	28
Auður Björg Jónsdóttir: Vel sóttur aðalfundur FKL	29
Eyrún Ingadóttir: Námskeið	30

## Að loknum landsdómi

Anna Lilja Hallgrímisdóttir: Um dóm landsdóms	24
Hróbjartur Jónatansson: Gegn grundvallarreglum sakamálaréttarfarsins	27
Jakob Möller: Rannsóknarnefnd, landsdómur og sannleikurinn	27
Guðrún Helga Brynleifsdóttir: Dapurlegur þáttur í sögu alþingis	27

## Á léttum nótum

Eyrún Ingadóttir Lögfræðingar leysa málin. Um lögfræðinga í ritum og ræmum	16
Viðtal við Berglindi Svavarsdóttur: Líkjast frekar fulltrúum í rannsóknarlögreglunni	17
Viðtal við Yrsu Sigurðardóttur: Þóra dæmigerður fulltrúi íslenskra kvenna	18
Viðtal við Ragnar Jónasson: Menntunin getur nýst við ritstörfin	19
Af Merði lögmanni	20

---

Lögmannafélag Íslands  
Álftamýri 9, 108 Reykjavík  
Sími: 568 5620, Fax: 568 7057  
Netfang: lmfi@lmfi.is  
Heimasíða: www.lmfi.is

RITSTJÓRI OG ÁBYRGÐARMADUR:  
Árni Helgason hdl.

RITNEFND:  
Haukur Örn Birgisson hrl.,  
Katrín Helga Hallgrímisdóttir hdl.,  
Þyrí Halla Steingrímisdóttir hrl. og  
Ingvi Snær Einarsson hdl.

BLAÐAMADUR:  
Eyrún Ingadóttir

STJÓRN LMFÍ:  
Jónas Þór Guðmundsson hrl., formaður  
Borgar Þór Einarsson hdl., varaformaður  
Óskar Sigurðsson hrl., ritari  
Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl., gjaldkeri  
Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.,  
meðstjórnandi

STARFSMENN LMFÍ:  
Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri  
Eyrún Ingadóttir, félagsdeild  
Hjördís J. Hjaltadóttir, ritari  
Anna Lilja Hermannsdóttir, lögfræðingur

FORSÍÐUMYND:  
Landslagabandið kom, sá og sigraði að  
kvöldi Lagadags 2012. F.v. Jóhannes Karl  
Sveinsson hrl., Ívar Pálsson hrl., Jóna  
Björk Helgadóttir hdl. og Margrét Halldóra  
Hallgrímisdóttir hdl.

Blaðið er sent öllum félagsmönnum


Ársaskrift fyrir utanfélagsmenn  
kr. 2000,- + vsk.  
Verð pr. tölublað kr. 700,- + vsk.

NETFANG RITSTJÓRNAR:  
arni@cato.is

PRENTVINNSLA:  
Litlaprent

UMSJÓN AUGLÝSINGA:  
Öflun ehf.  
Sími 533 4440  
ISSN 1670-2689

---



FTON / SIA

## MP banki eflir atvinnulífið

MP banki er eini sjálfstæði og óháði einkabankinn og því í kjörstöðu til að veita úrvals þjónustu fyrir íslenskt atvinnulíf, athafnafólk, fjárfesta og sparifjáreigendur.

**Stefna okkar er skýr:**

**Við erum banki atvinnulífsins.**

- Við erum sérfræðingar í bankaviðskiptum fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki og veitum þeim alhliða þjónustu sem og einstaklingunum sem að þeim standa.
- Við erum leiðandi fjárfestingarbanki í fyrirtækjaráðgjöf, markaðsviðskiptum og fjármögnun í gegnum verðbréfamarkað.
- Við erum þekkt fyrir afbrigðis árangur í eignastýringu á innlendum sem erlendum mörkuðum – jafnt við góðar sem erfiðar markaðsaðstæður.

**Við vinnum náið með viðskiptavinum okkar og metum árangur okkar í vexti þeirra og velgengni.**

**Verið velkomin í banka atvinnulífsins.**

**mpbanki**  
banki atvinnulífsins



# Pólitísk uppgjör eiga ekki heima í dómssölum

LANDSDÓMUR KVAÐ Í apríl s.l. upp sinn fyrsta dóm frá því hann var settur á laggirnar með lögum árið 1963. Þótt það sé merkilegur viðburður að dómstóllinn hafi komið saman í fyrsta skipti og kveðið upp dóm féll nokkur skuggi á þau tímamót í ljósi aðdraganda og uppruna málsins sem fyrir dóminum lá.

Við undirbúning og meðferð málsins reyndi á ákvæði laga um ráðherraábyrgð, sem sett voru fyrir nærri fimmtíu árum. Þau stóðust að mörgu leyti illa tímans tönn hvað varðar málsmeðferð og undirbúning ákæru og sjálfsagt þætti óeðlilegt ef t.d. ákæru í almennum sakamálum byggðu á jafn gömlum lagaramma. Ekki bætti úr skák að endanleg ákvörðun um útgáfu ákæru var í höndum stjórn-málamanna sem margir hverjir kusu eftir flokkslinum, þar sem afstaðan mótaðist af því hvort viðkomandi var samherji eða andstæðingur. Ýmsir þeirra, sem gerðu grein fyrir atkvæði sínu á þingi á sínum tíma, sögðust byggja á að málshöfðunin væri nauðsynleg til að uppgjör á efnahagshruninu gæti farið fram. Það segir sig sjálft hversu heppilegur grundvöllur að ákæru slík sjónarmið eru, þótt enginn skortur virðist vera á stjórnámálönnum sem nota slíkan rökstuðning fyrir ólíklegustu tillögum um þessar mundir.

Nú þegar dómur Landsdóms liggur fyrir er fróðlegt að rifja upp þennan aðdraganda málsins, þau rök sem málshöfðunin byggði á og bera saman við niðurstöðuna. Í dómnum var sýknað af þeim ákærum sem sneru að vanrækslu í aðdraganda efnahagshrunsins eða þeim vísað frá en eftir stóð að sakfellt var fyrir að mál voru ekki sett á dagskrá ríkisstjórnarfundu. Dómurinn lýsir þessu broti með þeim orðum að „ekki hefði komið til sakfellingar í málinu hefði ákærði gætt að því einu að taka þessi málefni upp innan ríkisstjórnarinnar“. Þegar upp var staðið hafði uppgjörið við efnahagshrunið því tekið nokkra jöðsótt þar sem sakfellt var fyrir ákveðið atriði í tengslum við ríkisstjórnarfundu, sem hefur verið útfært með sama hætti í tíð annarra stjórna.

Þetta er ekki síst umhugsunarefni í ljósi þeirra radda sem nú eru á kreiki um að endurtaka eigi ferlið og kalla Landsdóm saman eftir næstu kosningar til að rétta yfir núverandi ráðherra vegna tiltekinna mála. Ráðamenn hverju sinni verða vissulega að bera ábyrgð á athöfnum sínum. Það gera þeir með pólitískri ábyrgð en einnig geta komið upp þau tilvik að ráðherra hafi gerst brotlegur við lög í starfi sínu. Slík mál ber vitaskuld að rannsaka eftir almennum reglum en reynslan sýnir

okkur að núverandi fyrirkomulag um að Alþingi gefi út ákæru er óheppilegt og fjarri sjónarmiðum um réttláta málsmeðferð og mannréttindavernd. Með því að nýtt þing tæki ákvörðun um að endurtaka ferlið, sem var gagnrýnt svo réttilega á sínum tíma, væri búið að festa í sessi þá hefð að stjórnámálamenn beindu pólitísku uppgjöri inn á vettvang dómstólanna í kjölfar kosninga. Það yrði ljótur blettur á íslensku réttarkerfi.

Í þessu tölublaði Lögmannablaðsins er nokkuð ítarleg umfjöllun um dóm Landsdóms, m.a. umfjöllun um málstofu Lagastofnunar um dóminn auk þess sem blaðið leitaði álits nokkurra lögmannna á dómnum.

Þá er einnig umfjöllun um nýafstaðinn aðalfund Lögmannafélagsins, sem var í senn afar fjölmennur og vel heppnaður. Á þriðja hundrað félagsmenn kusu á milli tveggja frambærilegra frambjóðenda til formanns og fór svo að Jónas Þór Guðmundsson náði kjöri. Lögmannablaðið óskar Jónasi Þór og stjórn félagsins til hamingju með kosninguna ásamt því að þakka fráfarandi formanni, Brynjari Níelssyni, fyrir vel unnin störf við að halda merkjum félagsins á lofti undanfarin ár.

# Creditinfo kynnir nýtt og betra dómasafn

## Nýjungar í dómasafni Creditinfo

Í Dómasafni Creditinfo er að finna alla hæstaréttardóma frá 1920 auk þeirra dóma undirréttar sem áfrýjað var.

Í nýrri útgáfu dómasafnsins má meðal annars finna eftirfarandi:

- **Ný leitarvél** – Einföld og ítarleg leit með sjálfvirkri fallbeygingu
- **Mínir dómur** – Svæði á vefnum sem gerir notendum kleift að vista dóma inn á ákveðið svæði, flokka og skrifa við þá athugasemdir
- **Reifanir** – Um 8.000 af 20.000 dómum hafa verið reifaðir og daglega bætast við nýjar reifanir.
- **Yfirfærsla gagna** – Nú geta notendur flutt dóma yfir í Word eða vistað sem PDF skjöl

Dómasafn Creditinfo er í stöðugri þróun og mikil áhersla hefur verið lögð á að gera það laust við villur og kynna með reglulegum hætti uppfærslur og breytingar



F.v. Herdís Þorgeirsdóttir, Arnar Þór Jónsson, Krístrún Heimisdóttir, Helga Arnardóttir, Símon Sigvaldason og Styrmir Gunnarsson.

## Traust á dómstólum og tjáningarfrelsið

LAGADAGURINN 2012 TÓKST með eindæmum vel. Dagurinn byrjaði með glæsilegum hádegisverði á Hilton Reykjavík Nordica og hlýddu viðstaddir á framsögur og umræður um traust á dómstólum og tjáningarfrelsið. Málstofustjóri var Krístrún Heimisdóttir lögfræðingur sem opnaði umræðuna með því að varpa fram spurningunni um hvort dómáramar væru hræddir við almenningsálitið og nefndi dæmi um að hæstaréttardómáramar hefðu í ár ekki tekið þátt í setningu Alþingis eins og siður hefur verið um áratuga skeið. Vissulega áhugaverð spurning en á sér efalaust aðrar og haldbærari skýringar en málstofustjóri vildi meina.

### Traust í alþjóðlegu samhengi

Arnar Þór Jónsson hrl. hélt afar áhugavert erindi þar sem hann fjallaði m.a. um traust á dómstólum í alþjóðlegu samhengi. Arnar vísaði í frjálshyggjustefnu Ronalds Reagan í Bandaríkjunum á níunda áratugnum og sagði afleiðingu hennar vera aukinn

ójöfnuð í samfélaginu. Rannsóknir bæði í Bandaríkjunum og hér á landi sýndu að aukinn ójöfnuður leiddi til þess viðhorfs í samfélaginu að lögín þjónuðu þeim valdameiri. Afleiðingin af slíku viðhorfi væri minna traust almennings til lagasetningar og einnig gagnvart dómstólum sem hefðu það hlutverk að framfylgja lögum. Almennungur teldi því lögín ekki þjóna sér (hinum efnaminni eða samfélaginu í heild) heldur einvörðungu hinum valdameiri. Arnar Þór taldi að í þessu viðhorfi fælist sú gagnrýni á dómstóla sem hefur verið fyrirferðamikil, þ.e. fyrir lagahyggju eða formalisma. Að mati Arnars þyrftu lögfræðingar, bæði dómáramar og lögmenn, að víkka út sjóndeildarhringinn og hætta að telja það ófaglegt að fjallað væri um siðferði, lýðræði og réttlæti við að framfylgja lögum af hálfu dómstóla.

### Dómstólar dæmi eftir lögum

Næstur tók til máls Róberts Spanó prófessor og forseti lagadeildar Háskóla Íslands. Skemmst er frá því að segja

að hann var alfarið ósammála fyrri ræðumanni. Róbert lagði áherslu á að dómstólar hefðu einvörðungu það hlutverk að framfylgja því sem fælist í lögum, þannig væri réttlæti og sanngirni „implementerað“ í réttinn. Að fjalla um siðferði, réttlæti og lýðræði væri hlutverk löggjafans en ekki dómstóla. Færu dómstólar að gera það væru þeir að bregðast hlutverki sínu. Það væri alls ekki hlutverk dómstóla að fylgja eða dæma samkvæmt almenningsáliti. Róbert benti á að vanþekking á starfi dómstóla skapaði vantraust. Þannig væri góð leið til að efla traust almennings á dómstólum að bæta þekkingu á því hvernig dómstólar starfa og dómáramar dæma. Ræddi hann talsvert um aðgang fjölmiðla að dómsstörfum og hvort dómstólar ættu að vera með löglærðan upplýsingafulltrúa, gefa út kynningarefni og koma á fót innra neti fyrir fjölmiðla með upplýsingum og fræðslu um dómstólana og dóma. Vissulega áhugaverðar tillögur að mati þeirrar sem þetta skrifar.



F.v. Arnar Þór Jónsson, Herdís Þorgeirsdóttir, Krístrún Heimisdóttir, Helga Arnardóttir, Símon Sigvaldason og Styrmir Gunnarsson.

## Hlutverk fjölmiðla

Dr. Herdís Þorgeirsdóttir hdl. fjallaði í framsögu sinni um meginregluna um tjáningarfrelsi fjölmiðla, sem Mannréttindadómstóll Evrópu hefur dæmt um að ekki megi hefta. Hins vegar hafi fjölmiðlar að sama skapi skyldu til að miðla upplýsingum um dómsmál sem hafi áhrif á hagsmuni almennings. Af þeirri umfjöllun sem dr. Herdís fór yfir má draga þá ályktun að upplýst umræða auki traust. Þannig benti hún á það mikilsvirta hlutverk sem fjölmiðlar hafi í því að skapa traust á dómstólum og var ágætis samhljómur milli þess og erindis Róberts. Þá fjallaði hún einnig um skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem fram kom að andvararleysi varðandi afskipti viðskiptalífsins af fjölmiðlum hafi haft veruleg áhrif á umræðuna hér og mögulega ógnað lýðræðislegum stjórnarháttum. Niðurstaðan í erindi dr. Herdísar var sú að pólitíska umræðu mætti alls ekki hefta nema brýna

lýðræðislega nauðsyn bæri til.

## Samstarf dómstóla og fjölmiðla

Í pallborði sátu auk framsögumanna Símon Sigvaldason héraðsdómari, Styrmir Gunnarsson fv. ritstjóri og Helga Arnardóttir fréttamaður. Öll komu þau með áhugaverð innlegg í umræðuna. Símon sýndi tölur um traustmælingar allt frá árinu 1999. Á því ári hóf Hæstiréttur að birta dóma á heimasíðu sinni sem augljóslega ber með sér aukið aðgengi almennings að dómum réttarins og ætti að stuðla að auknu gegnsæi og trausti. En á sama tíma hafa mælingar á trausti á dómstólum verið á hraðri niðurleið nema hjá ungu fólki (yngri en 20 ára) en þar hafa mælingar sýnt að traust á dómstólum er mjög mikið, eða allt að 57%. Sem hlýtur að gefa von um betri tíð. Styrmir Gunnarsson varaði eindregið við nánu samstarfi milli

fjölmiðla og dómstóla, hann taldi það myndi bjóða hættunni heim varðandi það hvernig væri fjallað um dómsmál. Helga Arnardóttir taldi aftur á móti að samstarf og samskipti lögmanna og dómara annars vegar og fjölmiðlafólks hins vegar væri af hinu góða og þyrftu að vera meiri, enda blaðamenn almennt ekki löglærðir. Þá mótmælti hún afstöðu Styrmis og taldi að samstarf gæti einvörðungu orðið til þess að upplýsa en ekki til að stjórna.

Af framangreindu má sjá að framsögumenn og pallborðsfólk hafði margt áhugavert til málanna að leggja. Hið eina gagnrýniverða við málþingið var að það hefði mátt skapa því betri tímaramma svo pallborðið og áheyrendur hefðu haft tíma til umræðna. Efnid bauð svo sannarlega upp á það en tíminn því miður ekki.

*Þyrí Halla Steingrímisdóttir hrl.*



Róbert R. Spanó



Krístrún Heimisdóttir



Herdís Þorgeirsdóttir



Arnar Þór Jónsson

## Lagadagurinn 2012

# Málstofur og rökstólar

### Réttarstaða í óvígðri sambúð

Á málstofu um réttarstöðu í óvígðri sambúð var velt upp þeirri spurningu hvort ástæða væri til að setja lög um óvígða sambúð á Íslandi, með svipuðum hætti og til væri á Norðurlöndum. Einnig var fjallað um vandamál sem kæmu upp við slit sambúðar og dóma sem hefðu fallið á réttarsviðinu. Framsöguerindi héldu Hrefna Friðriksdóttir, dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Lára V. Júlíusdóttir hrl. hjá LL3 lögmönnum og Sigrún Landvall, hdl. í Stokkhólmi. Í panil sátu Jóhanna Gunnarsdóttir lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu og Guðmundur Ágústsson hrl. en Haukur Guðmundsson hdl. hjá Lagastoðum



Fyrirlesarar og þátttakendur málstofu um réttarstöðu í óvígðri sambúð.

stjórnaði málstofunni. Það sem athygli vakti í umræðum málstofunnar var sú þróun sem orðið hefur á réttarsviðinu varðandi fjárskipti við sambúðarslit þar sem í vaxandi mæli er miðað við

opinbera skráningu á eignum við skipti í stað þess að horfa á eignamyndun á sambúðartíma.

### Réttarstaða sakaðra manna

Það var þéttsetinn bekkur á rökstólum um réttarstöðu sakaðra manna á lagadaginn enda hafa ýmis álitæfni varðandi t.d. rannsókn efnahagsbrotamála verið í deiglu. Þátttakendur rökstólanna, þau Eiríkur Tómasson hæstaréttardómari, Björn Þorvaldsson saksóknari hjá sérstökum saksóknara, Gestur Jónsson hrl. hjá Mörkinni og Þórunn Guðmundsdóttir hrl. hjá Lex, ræddu þar um réttarstöðu sakborninga, aðgang að gögnum sem aflað hefur verið við rannsókn mála og málsmeðferðartíma í efnahagsbrotamálum með hliðsjón af réttindum sakborninga undir stjórn Sigurðar Tómasar Magnússonar prófessors við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Meðal annars kom fram hjá verjendum í rökstólunum að þeir teldu allt of marga hafa fengið réttarstöðu sakborninga við rannsóknir á vegum embættis sérstaks saksóknara á meðan Björn Þorvaldsson kvað slíkar ákvarðanir vera teknar að vel athuguðu máli og Eiríkur Tómasson lagði áherslu á að réttindi manna væru betur tryggð lögum samkvæmt með því að gefa þeim réttarstöðu sakborninga. Þórunn Guðmundsdóttir taldi að dómarmar væru ekki nægilega gagnrýnir



Þátttakendur í rökstólum um réttarstöðu sakaðra manna f.v.: Þórunn Guðmundsdóttir, Gestur Jónsson, Eiríkur Tómasson, Björn Þorvaldsson og Sigurður Tómas Magnússon.

á rannsóknarbeiðni lögreglu og vísaði til þess að símhlustunarbeiðnum væri aðeins hafnað í undantekningartilvikum. Gestur Jónsson taldi að aðgengi verjenda að rafrænum gögnum væri of þröngt og að það væri óviðunandi vinnuáætlun fyrir verjendur að þurfa að dvelja langdvölum í húsnæði lögreglu til að yfirfara t.d. tölvupósta. Slíkt væri brot á jafnræði aðila. Björn Þorvaldsson benti á að verjendur hefðu fullan aðgang að öllum þeim gögnum sem sakamál væru byggð á fyrir dómi og taldi að réttarstaða sakborninga væri vel tryggð með því að gefa verjendum kost á að skoða rafræn gögn í húsakynnum lögreglu. Að lokum

var fjallað um ákvörðun verjendaþóknunar í sakamálum með hliðsjón af réttarstöðu sakborninga eftir þær breytingar sem gerðar voru á grundvelli m.a. reglugerðar 715/2009 um tímagjald lögmanna við ákvörðun verjendaþóknunar, sbr. lög nr. 70/2009 og viðmiðunarreglna dómstólaráðs sem byggja á þessari reglugerð. Þórunn og Gestur töldu þessar reglur geta bitnað á réttaröryggi sakborninga þar sem tímagjald verjenda væri orðið svo lágt að hætt væri við að margir lögmenn, sem sinnt hefðu slíkum störfum, treystu sér ekki lengur til þess.



## Skaðabótaábyrgð sérfræðinga

Ábyrgð sérfræðinga í samfélaginu og hvort meginreglur skaðabótaréttarins eigi við þegar meta á skaðabótakröfur á hendur þeim voru efni málstofu III á lagadaginn. Fyrirlesarar voru Guðmundur Sigurðsson forseti lagadeildar Háskólans í Reykjavík og Þóra Hallgrímsdóttir sérfræðingur við lagadeild Háskólans í Reykjavík. Í panil sátu Kristín Edwald hrl. hjá Lex og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson hrl. hjá Landslögum en Jóhannes Sigurðsson hrl. hjá Aktis stjórnáði umræðum. Í erindi Guðmundar var farið yfir helstu reglu og álitafni um ábyrgð sérfræðinga. Fjallað var m.a. um ríkar kröfur sem gerðar eru til háttsemi sérfræðinga, sönnunarstöðu, heimildir til að takamarka ábyrgð ofl. Þóra Hallgrímsdóttir fjallaði um sérfræðiábyrgð út frá sjónarhorni váttryggingaréttar. Fram kom að kröfum í starfaábyrgðartryggingu lögmanna hefði fjölgað mikið á síðasta áratug. Þá fjallaði



F.v. Vilhjálmur H. Vilhjálmsson, Kristín Edwald, Jóhannes Sigurðsson, Guðmundur Sigurðsson og Þóra Hallgrímsdóttir.

Þóra ítarlega um samspil bótaréttarins og reglna um ábyrgðatryggingar. Í umræðum á eftir erindunum var fjallað um ýmsa dóma og tilvik sem komið hafa upp og fjalla um ábyrgð sérfræðinga. Lýstu þau Kristín og Vilhjálmur reynslu sinni sem lögmenn af málum af þessu toga. Þá var nokkur umræða um reglur skaðbótalaga sem takmarka mjög bótaábyrgð starfsmanna fyrirtækja en

meginreglan er nú sú að starfsmenn bera ekki bótaábyrgð á störfum sínum nema í undantekningartilvikum. Þá var nokkur umræða um mál sem eru í deiglu um bótaábyrgð lækna vegna fegrunaraðgerða og bótaábyrgð endurskoðenda vegna endurskoðunar á reikningssskilum fyrirtækja.



F.v. Gylfi Magnússon, Ása Ólafsdóttir, Ragnar H. Hall og Helgi Sigurðsson.

## Fjármögnun til framtíðar – framtíðarskipan lána til heimila

Lærdómur af afleiðingum efnahagsbrunsins á lán til heimilanna var efni málstofu um fjármögnun til framtíðar þar sem velt var upp hvaða leiðir væru færar til að tryggja betur stöðugleika á lánamarkaði og hvernig lánveitingum til einstaklinga væri best fyrir komið í framtíðinni. Framsögumenn voru Ása Ólafsdóttir, lektor við lagadeild Háskóla Íslands og Gylfi Magnússon, dósent við viðskiptafræðideild Háskóla Íslands. Yfirskrift framsögu Gylfa var

framtíðarskipa lána til heimilanna þar sem farið var yfir málið frá hagfræðilegu sjónarhóli. Erindi Ásu bar yfirskriftina „skuldastýring heimilanna“? Hvernig á að haga lánveitingum til framtíðar? Í panil sátu Helgi Sigurðsson, hrl. hjá Lagastofnum og Ragnar, H. Hall hrl. hjá Mörkinni lögmennsstofu en Þóra Hjaltested, skrifstofustjóri skrifstofu viðskiptamála og fjármálamarkaðar efnahags- og viðskiptaráðuneytisins stjórnaði málstofunni.

## Sátt um samfélagssáttmála

Miklar og líflugar umræður urðu á rökstólum um hvernig tillaga stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá geti orðið að þeim samfélagssáttmála sem stjórnarskrá á að vera og sitt sýndist hverjum. Þátttakendur í rökstólunum voru þau Bryndís Hlökkversdóttir rektor

Háskólans á Bifröst, Sigurður Línal prófessor emeritus og Ragnhildur Helgadóttir en Hafsteinn Þór Hauksson lektor við lagadeild Háskóla Íslands stjórnaði umræðunum.



F.v. Hafsteinn Þór Hauksson, Bryndís Hlökkversdóttir, Sigurður Línal og Ragnhildur Helgadóttir.

# Að kvöldi Lagadags 2012

ÞAD VAR MIKIÐ um dýrðir að kvöldi Lagadags 2012 þegar á fimmta hundrað lögfræðingar og makar þeirra mættu á Hilton hótél Nordica, tóku sér glas í hönd og settust síðan að veisluborðum, nýgreiddir og í burstuðum skóm. Veislustjórar voru Mið-Íslandsbræðurnir og lögfræðingarnir Bergur Ebbi Benediktsson og Jóhann Alfreyð Kristinsson. Þeir fóru á kostum, skutu á mann og annan, mærdðu aðra verðskuldað og salurinn kunni vel að meta beittan húnorinn.

Óvænt skemmtiatriði kvöldsins var Landslagabandið en lögmánnstofan Landslög hefur yfir að ráða hæfileikamönnum á ýmsum sviðum. Tóku þeir U2 ballöðuna „Everlasting love“ með því líkum tilþrífum að sagt er að ungar meýjar í salnum hafi kiknað í hnjánum yfir Ívari Pálssyni söngvara og piltar hent blómum að söngdívunum Jónu Björk Helgadóttur og Margrétu Halldóru Hallgrímstöttur. Allt þetta var innbyrt með lambahrygg sem var borinn fram með hamsakrumbli og axlarpressu, sveppamauki, jarðskokkum, fondant kartöflum og sólseljusósu. Og hana nú.



Ívar Pálsson poppstjarna í Landslagabandinu.



Jóna Björk Helgadóttir söngdívá í Landslagabandinu.



Til upphitunar er ætíð fordrykkur þar sem gamlir félagar hittast og taka púlsinn. F.v. Viðar Lúðvíksson, Bjarki Már Baxter, Ægir Guðbjarni Sigmundsson og Anna Linda Bjarnadóttir.



Uppfullar af kærleika og ást. F.v. Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir og Helga Vala Helgadóttir.



Veislustjórar voru þeir Jóhann Alfreyð Kristinsson og Bergur Ebbi Benediktsson.



Íslandsbankaborðið. F.v. Tómas Sigurðsson, Kristín Ninja Guðmundsdóttir, Ingvar Örn Sighvatsson, Rut Gunnarsdóttir, Ragnheiður B. Sighvatsdóttir og Kristinn Arnar Stefánsson.



Hvort umræðuefnið var Sikileyjarvörn eða réttarstaða sakaðra manna skal látið ósagt en kát voru þau í byrjun kvölds. F.v. Huld Konráðsdóttir, Jónína Ingvarsdóttir, Jóhann Hjartarson og Sigurður Tómas Magnússon.



Sigurður Líndal var heiðraður af samkomunni.



F.v. Guðrún Sesselja Arnardóttir, Jóhanna Helga Halldórsdóttir og Dóra Sif Tynes.



Landsbankalögfræðingum líkaði lífið á Lagadaginn 2012. F.v. Elsa María Rögnvaldsdóttir, Valur Árnason, Berglind Rut Hilmarsdóttir og Hildur Friðleifsdóttir



Svalt gengi úr lagaskólanum gamla. F.v. Elín Blöndal, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Ingibjörg Þorsteinsdóttir og Runólfur Ágústsson.



Prjár af LOGOS. F.v. Hafdís Perla Hafsteinsdóttir, Andrea Olsen og Íris Arna Jóhannsdóttir.



Þeir Helgi og Gylfi tóku þátt í málstofu Lagadags. F.v. Helgi Sigurðsson, Ólöf Finnsdóttir, Gylfi Magnússon og Hrafnhildur Stefánsdóttir.



F.v. Unnur Sverrisdóttir, Sigríður Friðjónsdóttir og Stefanía G. Sæmundsdóttir.



Ljósmyndarinn truflaði aðeins „Útsvarsstemninguna“ á þessu borði. F.v. Daníel Pálmason, Friðbjörn Garðarsson, Anna Ragnhildur Halldórsdóttir og Marta Margrét Rúnarsdóttir.

# Á að vera málsvari réttarríkis og mannréttinda

Á SÍÐASTA AÐALFUNDI LMFÍ VAR JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON, HRL., KOSINN NÝR FORMAÐUR. JÓNAS ÞÓR HEFUR SETIÐ Í STJÓRN FÉLAGSINS FRÁ ÁRINU 2010 OG ÞAR AF VERIÐ VARAFORMAÐUR SÍÐASTA ÁRIÐ. ÁRNI HELGASON RITSTJÓRI LÖGMANNABLAÐSINS SPURÐI FORMANNINN UM HANS HAGI OG HELSTU VERKEFNI FÉLAGSINS FRAMUNDAN.

*Hver er þinn bakgrunnur og fjölskyldubagir?*  
Ég er fæddur á Akureyri árið 1968 og ól þar manninn fyrstu 20 ár ævinnar. Lauk stúdentsprófi af viðskipta- og hagfræðibraut frá Verkmenntaskólanum en síðan lá leiðin í lagadeild Háskóla Íslands þaðan sem ég lauk kandiðsprófi 1995. Eftir útskrift starfaði ég sem fulltrúi hjá Ævari Guðmundssyni lögmanni, var kennslustjóri við lagadeild Háskóla Íslands og þar á eftir á lagasviði dómsmálaráðuneytisins. Ég varð héraðsdómslögmaður árið 1997 og tveimur árum síðar byrjaði ég í lögmennsku í samstarfi við tengdaföður minn, Árna Grétar Finnsson hrl. sem hafði rekið lögfræðistofu í Hafnarfirði frá 1961. Stefán Bj. Gunnlaugsson hrl. var einnig með okkur. Frá 2007 hef ég rekið lögmannsstofuna í Hafnarfirði einn en ég varð hæstaréttarlögmaður árið 2009.

Meðfram störfum hef ég töluvert fengist við stundakennslu, framan af í lagadeild Háskóla Íslands en síðar í lagadeild Háskólans í Reykjavík. Kennslan hefur verið á sviði almennrar lögfræði, lögskýringa, kröfurettar og kauparéttar.

Eiginkona mín er Ingbjörg Árnadóttir, héraðsdómslögmaður, sem í dag starfar í lögfræðideild Íslandsbanka. Við erum búsett í Hafnarfirði og eigum tvo stráka, 7 og 13 ára, og eina stelpu sem er 9 ára.

*Hvernig gengur að vera einyrki í lögmennsku?*

Það eru kostir og gallar við að vera einyrki. Maður ræður sér sjálfur og verkefni geta

verið fjölbreytt. Á móti kemur að það getur verið erfitt að geta ekki velt verkefnum yfir á aðra þegar mikið er að gera. Þannig að segja má að helsti kosturinn við að vera einyrki, frelsið, snúist oft upp í andhverfu sína, helsið, vegna þess að maður kemst í reynd lítið frá og þá oftast bara í skamman tíma í einu.

Þróunin hefur ótvírætt verið í átt að stærri einingum. Um það vitna sífellt fleiri lögmannsstofur og sú þróun verður ekki stöðvuð. Til þess liggja rekstrarleg rök og kröfur um aukna sérhæfingu í sífellt flóknara og alþjóðlegra lagaumhverfi.

Einyrkjar og minni stofur hverfa líklega aldrei alveg. Þá kann að vera að mikil fjölgun í lögmannastéttinni á skömmum tíma, eins og hér hefur átt sér stað, hafi sitt að segja. Hugsanlegt er að við þær aðstæður freistist fleiri til þess að spreyta sig í minni einingum eða sem einyrkjar. Tíminn mun leiða það betur í ljós.

*Þú nefnir þá gífurlegu fjölgun sem verið hefur í lögmannastéttinni á undanförunum misserum auk þess sem útskrifuðum lögfræðingum hefur fjölgað bratt. Hvernig list þér á þessa þróun?*

Það er ánægjulegt að ungt fólk í dag velji að mennta sig í lögfræði en sú mikla fjölgun sem hefur orðið er umhugsunarverð. Hlutfall lögfræðinga miðað við fólksfjölda er orðið töluvert hærra hér en almennt þekkt hjá þjóðum sem við viljum bera okkur saman við. Líklega spila glansímyndir úr sjónvarpi og væntingar um háar tekjur inn í. Ískaldur veruleikinn er hins vegar sá, að minnsta kosti að því er lögmennt verður, að þeir vinna margir mjög langan vinnudag, álag er mikið og launin eru ekki í neinu samræmi við það sem fólk almennt heldur.

Mikil eftirspurn hefur verið eftir lögfræðingum til starfa en hvað sem líður fjölgun í stéttinni þá þarf að gera ríkar kröfur til inntaks lögmannsréttindanna. Það er lyklatríði fyrir okkur í alþjóðlegri samkeppni

á að standa jafnfætis nágrannalöndum okkar í kröfum til menntunar lögmannna. Þar vantar nokkuð uppá, bæði hvað snertir starfstíma áður en réttindin fást og einnig varðandi flutning prófmála í héraði sem ég tel æskilegt að taka upp aftur. Þá má vel hugsa sér að háskólarnir skilgreini betur ákveðnar námsleiðir eða brautir sem þeir nemendur verða að ljúka sem vilja verða lögmennt.

Ef menn eru á annað borð með það kerfi að gera kröfu um sérstök réttindi til þess að mega flytja mál fyrir dómi þá er mikilvægt að ljóst sé hvað í því felst, hvaða kröfur eru gerðar og að þær séu sambærilegar við það sem almennt tíðkast í öðrum löndum.

Svo má vel ræða hvort lögmennt eigi að hafa einkarétt á flutningi mála fyrir dómstólum.

*Það hefur gústað töluvert um Lögmannafélagið upp á síðkastið. T.d. hefur verið kosið um formann tvisvar í röð en það var nánast óþekkt áður. Þá er forysta félagsins meira í fréttum og fjölmiðlum en áður. Hvernig skýrir þú þessar breytingar og telur þú þær af hinu góða?*

Ég tel æskilegt að lögmennt láti meira í sér heyra í opinberri umræðu og þá auðvitað fyrst og fremst um mál sem lúta að réttarkerfinu, reglum réttarríkisins og mannréttindum. Fráfarandi formaður, Brynjar Nielsson hrl., hefur verið einstaklega duglegur. Við sjáum glögglega að ástandið í þjóðfélaginu frá bankahruninu hefur verið brothætt. Háværar kröfur eru um sakkfellingar og veruleg hættu á að slakað verði á kröfum til þess að þóknast stjórnmalámonnum og almenningi. Það hefur verið ótvírætt tilefni til varnarbaráttu af hálfu lögmannna fyrir skjólstæðinga sína og almennt fyrir virðingum fyrir grundvallarreglum. Slíkur málflutningur er ekki alltaf til vinsælda fallinn.

Kosningar í félaginu eru til marks um aukinn áhuga félagsmanna á starfi þess. Það er af hinu góða. Kosningar hljóta



Jónas Þór Guðmundsson.

óhjákvæmilega að einhverju leyti að snúast um áherslur í starfi félagsins, ekkert síður en um þá einstaklinga sem eiga hlut að máli. Hugsanlegt er að kosningar verði oftast en tíðkast hefur. Hinu má ekki gleyma að í öllum aðalatriðum eru hagsmunamál lögmannna sameiginleg og tæplega forsendur til þess að um þau séu mikil átök, þótt áherslumunur kunni að vera til staðar.

*Hvernig hyggst þú beita þér sem formaður félagsins?*

Ég tel mikilvægt í því ástandi sem nú ríkir að formaður félagsins sé sýnilegur og komi fram sem öflugur málsvari réttarríkisins og mannréttinda. Þá eru mörg mál sem þarfnast skoðunar. Sem dæmi má nefna reglur um trúnaðarsamband lögmannna og skjólstæðinga í ljósi nýfallins hæstaréttardóms í svokölluðu brjóstapúðamáli. Einnig má nefna möguleika lögmannna á því að váttryggja sig vegna mistaka í starfi, ekki síst í ljósi þess hversu háar fjárkröfur þeir vinna með. Auk þess er þörf á almennri endurskoðun lögmannalaga og siðareglna vegna breyttrar tækni og aðstæðna. Þá þarf að ræða með opnum huga hvort ástæða sé til þess að taka upp skyldu lögmannna til endurmenntunar.

Loks eru það þóknanamálin og málskostnaðarákvarðanir dómstóla sem allir lögmenn þekkja. Það virðist vera eilífðarverkefni að reyna að opna augu þeirra sem

taka ákvarðanir fyrir þeirri miklu vinnu sem jafnan liggur að baki málum hjá lögmonnum og ekki síður fyrir því hversu gifurlegan kostnað lögmennt bera á móti hverri unninni vinnustund. Nettótekjur eru því ekki alltaf háar. Því miður virðist oft mega ætla að menn haldi að þóknunir og málskostnaður renni óskiptur í vasa lögmannna sem laun. Sú er auðvitað ekki raunin.

*Undanfarin ár hafa verið tími mikilla átaka í þjóðfélaginu og það hefur smitast yfir í réttarkerfið. Telurðu að réttarríkinu standi ógn af þessari þróun?*

Já, tvímælaust. Við sjáum skýr merki um að stjórnálamenn freistast til þess að þrengja að ýmsum grundvallarréttindum einstaklinga. Einnig hafa verið gerðar sértækar breytingar á refsivörslukerfinu eftir að meint afbrot tiltekinnar tegundar eiga að hafa verið framin, beinlínis í því skyni að reyna að hafa áhrif á hvernig tekst til við rannsókn og saksókn vegna þeirra í stað þess að efla hið almenna kerfi sem fyrir er til frambúðar. Þá er einnig reynt að hafa áhrif á dómstóla, bæði með tilvísun í meinta almenna nauðsyn á einhvers konar óskilgreindu uppgjöri í samfélaginu og í hugsanlegar afleiðingar einstakra dóma. Vissulega er hætta á að dómstólar láti undan slíkum þrýstingi, þótt ástæða sé til þess að bera fullt traust til íslenskra dómara. Mikilvægt er að menn

haldi vöku sinni í ástandi sem þessu, ekki síst lögmennt. Efla þarf vitund fjölmiðla, almennings og stjórnálamanna um grundvallarmannréttindi og réttarríkið. Það verður ekki auðvelt að snúa til baka ef slys verða í þessum efnun.

*Hvernig viltu sjá Lögmannafélagið þróast á næstu misserum?*

Félagið á að vera öflugur málsvari réttarríkis og mannréttinda og hvetja félagsmenn til þess að fjalla um þessi efni. Jafnframt á félagið að beita sér af alefli fyrir hagsmunum lögmannna gagnvart löggjafanun, framkvæmdarvaldinu, dómstólun og dómstólaráði. Það á ennfremur að beita sér fyrir því að reglur um menntun lögmannna og lögmannsréttindin taki mið af því sem best gerist á alþjóðlegum vettvangi, séu í stöðugri þróun og endurskoðun, til þess að standast þarfir tímans.

Mikilvægt er að starf félagsins taki mið af þeirri staðreynd að lögmennt eru fjölbreyttur hópur manna sem starfar að ólíkum verkefnum í mismunandi rekstrarformun, fleiri eða færri saman. Þótt einyrki og lögmaður á stórri stofu eigi margt sameiginlegt þá eru þarfirnar að sumu leyti ólíkar. Að því þarf að gæta.

Skóða þarf hvort unnt er að gera starf félagsins aðgengilegra og sýnilegra fyrir félagsmenn. Stór hluti starfa stjórnar félagsins fer jafnan ekki hátt, einkum sá þáttur sem lýtur að samskiptum við ráðuneyti dómsmála og fulltrúum dómstóla. Þá er unnið mikið og gott starf á skrifstofu félagsins sem ég er ekki viss um að allir félagsmenn geri sér grein fyrir.

Síðast en ekki síst verður að hafa í huga að skylduáðild er að félaginu. Það setur starfinu ákveðinn ramma og viss takmörk. Mikilvægt er að siðareglur lögmannna séu vel úr garði gerðar og sem best sé staðið að starfrækslu úrskurðarnefndar lögmannna. Það á að vera félagsmonnum öllum metnaðarmál að fjallað sé af yfirvegum og réttisýni um mál sem lúta að meintum brotum á siðareglum lögmannna.

# Ný stjórn



**Nafn: Borgar Þór Einarsson hdl.**

*Vinnustaður:* OPUS lögmenn ehf.

*Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku?* Í sex ár, þar af fjögur sem innanhússlögmaður hjá Landsbankanum.

*Sérhæfing í lögmennsku:* Bankaréttur og félagaréttur.

*Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ?* Í varastjórn frá 2010 og í aðalstjórn frá 2011.

*Hver eru helstu áhugamál þín?* Golf og laxveiði.

*Fjölskylduhagir:* Kvæntur Kristínu Hrefnu Halldórsdóttur stjórn málafræðingi. Börn: Sigrún Líf, stjúpdóttir, 18 ára, Breki Þór 14 ára, Marselía Bríet 13 ára, Anna Soffía 2 ára og drengur fæddur 12. júní 2012.



**Nafn: Guðrún Björk Bjarnadóttir hdl.**

*Vinnustaður:* STEF (Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar).

*Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku?* 13 ár.

*Sérhæfing í lögmennsku:* Vinnuréttur og höfundaréttur.

*Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ?* Ég hef setið í varastjórn í tvö ár en þetta er fyrsta árið mitt í aðalstjórn.

*Hver eru helstu áhugamál þín?* Tónlist og hestamennska. Þá hef ég sinnt sjálfboðaliðastörfum fyrir AFS á Íslandi í allmörg ár.

*Fjölskylduhagir:* Gift Ingvari Stefánssyni, byggingaverkfræðingi og eigum við tvær dætur, Brynhildi Gígju fædda 2003 og Hugu Freyju fædda 2006.



**Nafn: Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.**

*Vinnustaður:* Íslög ehf.

*Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku?* 11 ár, en þar af var ég innanhússlögmaður hjá Marel í rúm 3 ár.

*Sérhæfing í lögmennsku:* Fjármögnun, fyrirtækjalögfræði, skiptastjórn og vinnuréttur.

*Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ?* Eitt ár í varastjórn og kom í aðalstjórn 2012.

*Hver eru helstu áhugamál þín?* Lögfræði, félagsmál og skíði.

*Fjölskylduhagir?* Ég á einn 17 ára gamlan son, Högna Sigurðsson.



**Nafn: Óskar Sigurðsson hrl.**

*Vinnustaður:* JP Lögmenn.

*Hve lengi hefur þú stundað lögmennsku?* Ég hlaut leyfi til málfutnings fyrir héraðsdómi 1998 og Hæstarétti Íslands 2005. Hef því sinnt lögmennsstörfum í 15 ár.

*Sérhæfing í lögmennsku:* Málfutningur, eignaréttur, byggingar- og skipulagslöggjöf, skuldaskilaréttur, landbúnaðarréttur, fasteignaréttur, skaðabótaréttur, kröfu- og veðréttur.

*Hversu lengi hefur þú setið í stjórn LMFÍ?* Varamaður í stjórn frá 2009 og sæti í stjórn frá 2011.

*Hver eru helstu áhugamál þín?* Fjölskyldan, vinnan og fótbolti. Næ því miður ekki alltaf að halda þessari forgangsroðun.

*Fjölskylduhagir:* Ég er kvæntur Elísabetu Kristjánsdóttur íþróttufræðingi og við eigum þrjár stelpur: Esther Ýr 15 ára, Elvu Rún 12 ára og Ástu Björk 4 ára. Síðan bættist hundurinn Mosi í liðið fyrir skömmu síðan.

Einkabankaþjónusta Arion banka

# Ertu að fá góða ávöxtun?

Í Einkabankaþjónustu Arion banka hefur hver viðskiptavinur eigin viðskiptastjóra sem sér um eignasafn hans eftir fyrirframskilgreindri fjárfestingarstefnu. Í þjónustunni felst einnig almenn bankaþjónusta á hagstæðum kjörum og greining á stöðu lífeyrissparnaðar eins og hún er í dag og væntanlegri stöðu við starfslok.

Leitaðu til okkar í síma 444-7410 eða sendu tölvupóst á [einkabankathjonusta@arionbanki.is](mailto:einkabankathjonusta@arionbanki.is) og við aðstoðum þig við að finna hvað hentar þér og þínum markmiðum.

# Lögfræðingar leysa málin

## Um lögfræðinga í ritum og ræmum



ÞAR SEM LÖGFRÆÐINGAR LEYSA MÁLIN

### STELLA BLÓMKVIST:

Morðið í stjórnarráðinu 1997  
Morðið í sjónvarpinu 2000  
Morðið í hæstarétti 2001  
Morðið í Alþingishúsinu 2002  
Morðið í Drekkingsarhyl 2005  
Morðið í Rockville 2006  
Morðið á Bessastöðum 2012

### YRSA SIGURÐARDÓTTIR:

Þriðja táknið 2005.  
Sér grefur gróf 2006  
Aska 2007  
Auðnin 2008  
Horfðu á mig 2009  
Brakið 2011

### ARNALDUR INDRÍÐASON:

Napóleons skjölin 1999  
Bettý 2003

### VIKTOR ARNAR INGÓLFSSON:

Flateyjargátan 2002

SPENNUSAGNA- OG HANDRITAHÖFUNDAR Hafa löngum heillast af störfum lögmanna og lögfræðinga. Óteljandi sögur hafa verið skrifaðar og sjónvarpsþættir gerðir um hvernig þeir leysa hin flóknustu mál og fer þar hinn geðþekki ameríski lögmaður Matlock fremstur í flokki. Íslenskir rit- og handritshöfundar hafa uppgötvað hve heillandi starf lögmanna er og má þar nefna rithöfundana Stellu Blómkvist og Yrsu Sigurðardóttur. Lögmannaþættið gerði úttekt á því hvernig lögmenn koma fyrir í ritum og ræmum bókaþjóðarinnar í norðri.

Eftir Eyrúnu Ingadóttur

## Stella lögmaður

Einn áhugaverðasti lögmaðurinn í heimi spennusagnanna er hin tvíkynhneigða Stella Blómkvist en fyrsta bókin um hana kom út árið 1997. Stella ratar óhrædd um refilstigu undirheimanna og það er fátt kvenlegt í fari hennar þegar hún svolgrar í sig Jack Daniels, keðjureykir og fer út á lífið þeim tilgangi að ná sér í einnar nætur gaman. Frásagnarstíll Stellu

er knappur og einfaldur og bækurnar eru fljótlesin dægradvöl.

Spennusögur Stellu eru nú orðnar sjö talsins og hafa verið þýddar á nokkur tungumál. Tekist hefur að halda því vandlega leyndu hver höfundur Stellu sé og hafa bloggheimar talsvert velt því fyrir sér hvort hann sé karl eða kona. Það er hins vegar erfitt að sjá einhverja fyrirmynd Stellu í hópi félagsmanna

Lögmannafélags Íslands – að minnsta kosti er hún ekki í hópi kvenkyns félagsmanna.

## Þóra lögmaður

Öllu betra er að sjá fyrir sér Þóru Guðmundsdóttur lögmann í hópi félagsmanna LMFÍ og hún væri eflaust einnig virk í Félagi kvenna í





lögmenntu - væri hún til. Þóra hefur verið aðalpersóna í nokkrum bóka Yrsu Sigurðardóttur. Hún er fráskilin og glímur við týpísk einkamál um leið og hún leysir ótrúlegustu glæpamál þar sem hún nýtir kvenlegt innsæi og áralanga reynslu af lögmenntu í bland. Þótt fátt sé sameiginlegt með Stellu og Þóru þá má segja að engir tveir dagar séu eins í starfi þeirra og þær sjálfar eru spennandi karakterar. Von er á þýskum sjónvarpsþáttum um Þóru lögmann og ævintýri hennar en bækurnar hafa notið mikillar hylly víða um lönd.

## Karlkyns kollegar og Mörður

Karlkyns kollegar þeirra Stellu Blómkvist og Þóru Guðmundsdóttur, sem „dúkka“

upp öðru hvoru í sögunum um þær eru afskaplega litlausir karakterar og það er allt að því jafnréttismál fyrir karlkyns lögmennt á Íslandi að rithöfundar skrifi þá meira krassandi. Ef þeir eru að endurspegla ímynd hins íslenska karl-lögmanns þá eru þeir í stuttu máli óspennandi geðlurður.

Áhugasömum höfundum er hér með bent á að Mörður lögmaður, sem hefur skrifað í Lögmannablaðið frá upphafi, er fyrirtaks efniviður. Hann stæði fyllilega undir því að verða aðalpersóna í kvikmynd og jafnvel spennusögu, er mátulega þunglyndur og óheppinn í einkalífínu, sjálfhverfur og einrænn. Hann hefur í stuttu máli alla þá ókosti sem nokkur lögmaður getur haft.

## Fleiri lögfræðingar

Í þeim tveimur spennusögum Arnaldar Indriðasonar þar sem Erlendur rannsóknarlögreglumaður kemur ekki við sögu hefur Arnaldur látið lögfræðinga vera aðalsöguhetjurnar. Þetta eru bækurnar Napóleonskjölin og Bettý en enn á ný eru það konur sem eiga sviðið. Lögfræðingarnir í þeim hafa ekki ennþá hlotið framhaldslíf í fleiri sögum en svo má einnig rifja upp að Flateyjargátan eftir Viktor Arnar Ingólfsson fjallar einnig um lögfræðing sem er fulltrúi sýslumanns á Patreksfirði.

## Réttur

Ekki má gleyma íslensku réttar-dramaþáttunum „Rétti“ sem segja frá lífi

Lesandinn Berglind Svavarsdóttir hrl.:

### LÍKJAST FREKAR FULLTRÚUM Í RANNSÓKNARLÖGREGLUNNI

Berglind Svavarsdóttir hrl. er ákafur lesandi íslenskra sem erlendra sakamálasagna. Hún taldi kvenhetjur í íslenskum spennusögum vera lausar við það þunglyndi sem hrjáir aðalsöguhetjur í norrænni glæpasagnahefð.

*Er dregin upp raunsönn lýsing af lögfræðingum í íslenskum spennusögum?*

Nei það er nú ekki hægt að segja það, lögfræðingarnir hafa engan tíma til að rannsaka sakamál upp á eigin spýtur og sökkva sér á kaf í eitt tiltekið mál. Hvað varðar hins vegar samfélagslegar lýsingar þá eru lögfræðingar eins mismunandi og þeir eru margir og þær kunna vel að eiga við einhverja kollega minna.

*Hefur þú velt fyrir þér hvaða mynd er dregin upp af kvenlögfræðingum annars vegar og karllögfræðingum hins vegar?*

Ja eitthvað fer lítið fyrir karllögfræðingum í íslenskum sakamálasögum þannig að samanburður er ekki tækur að þessu leyti. Helstu kvenlögfræðingarnir eru þær Þóra Guðmundsdóttir og Stella Blómkvist, jú og svo að sínu leyti lögmaðurinn í Bettý hans Arnaldar, en hún var frekar óspennandi karakter og greinilega svo afspyrnuslakur lögmaður að ég sé engan tilgang í að fjalla frekar um hana. Varðandi Þóru og Stellu hins vegar þá eru þær eins ólíkar og dagur og nótt. Lýsing á Þóru er nokkuð raunsönn; einstæð móðir, sífellt með hugann við heimilið og börnin og ber ábyrgð á öllu mögulegu og ómögulegu. Stella er töffari af guðs náð, drykkfelld, gróf og herská en bráðlifandi. Skemmtileg týpa. Það sem þær eiga hins vegar sameiginlegt er að þær eru kaldhæðnar



en alveg lausar við það þunglyndi sem hrjáir allar karlkynssöguhetjur í norrænni glæpasagnahefð.

*Finnur þú fyrir samsvörun við Þóru og Stellu í þínum störfum?*

Nei, þær líkjast frekar fulltrúum í rannsóknarlögreglunni.

*Ef þær væru til í alvöru, heldur þú þær væru t.d. í stjórn LMFÍ?*

Ef til vill Þóra en alls ekki Stella!

og starfi þriggja lögmanna í Reykjavík. Lögmennirnir reka lögmansstofuna Lög og Rétt ehf. og leysa hin erfiðustu mál á meðan þeir glíma við sitt flókna einkalíf. Fyrstu þættirnir voru sýndir á Stöð 2 haustið 2008 en þeir urðu eitt heitasta umræðuefni lögmanna á sínum tíma. Þar sem tveir lögmenn komu saman var vanþekking handritahöfunda á réttarkerfinu á landi ísa gagnrýnt. Höfundarnir leituðu víst ráðgjafar hjá starfandi lögmönnum um hvernig mál færu fram í réttarsal en að því loknu ákváðu þeir að taka sér skáldaleyfi til að koma í veg fyrir að þættirnir yrðu

leiðinlegir. Sennilega hefur það tekist því önnur þáttaröð „Réttar“ var sýnd á Stöð 2 árið 2010. Í þáttunum voru leikarar í öllum hlutverkum enda þóttu þeir vel gerðir.

## Réttur er settur

Til margra ára sömdu laganemar handrit og léku öll aðalhlutverk í sjónvarpsþáttunum „Réttur er settur“. Framan af nutu þættir laganema mikillar hylli ungra sem aldinna og urðu jafnvel til þess að ungt fólk lagði lögfræði fyrir sig. Svo fór að halla undan fæti þegar framboð á íslensku sjónvarpsefni jókst

og áhorfendur fóru að gera meiri kröfur. Leikrænir tilburðir laganema þóttu ekki nógu góðir og málin ekki nógu krassandi. Síðasti þátturinn af „Réttur er settur“ var sýndur í ríkissjónvarpinu í maí 2005 og fékk afleita dóma. Fundið var að kunnáttuleysi laganema í leiklist og meintri yfirtöku þeirra á atvinnu leikara. Einn gagnrýnenda sagði fullkomna tímaskekkju að láta hóp viðvaninga - alla á sama aldri - fyrir framan sjónvarpsvélarnar. Hvað sem því líður eru lögfræðingar á einu máli um að þættirnir hafi verið tær snilld.



Mynd Atli Már Hafsteinnsson.

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur:

## ÞÓRA DÆMIGERÐUR FULLTRÚÍ ÍSLENSKRA KVENNA

Yrsa Sigurðardóttir sendi frá sér sína fyrstu glæpasögu árið 2005 þar sem Þóra Guðmundsdóttir lögmaður var aðalsöguhetjan. Alls hafa sex bækur komið út um Þóru sem lendir í ýmsum hremmingum við að leysa vanda skjólstæðinga sinna. Sögur Yrsu hafa verið þýddar á yfir 30 tungumál og gefnar út í yfir 100 löndum.

*Af hverju valdir þú að hafa lögmann sem aðalsögubetjuna í sögum þínum?*

Þar sem ég ætlaði mér frá upphafi að skrifa bókaflokk varð ég að ein-skorða mig við stétt sem kæmi

ítrekað við sögu í morðmálum. Það hefði verið mjög þægilegt ef það ætti við um verkfræðinga en því fer víst fjarri. Í það minnsta á ég enn eftir að rekast á myrtan mann í vinnunni. Þær stéttir sem helst koma til greina eru lögreglumenn, blaðamenn, réttarmeinafræðingar og svo lögmenn. Lögreglumenn áttu næga fulltrúa á íslenskum glæpasagnamarkaði og ég vissi ekkert um réttarlæknisfræði eða blaðamennsku. Mér þótti lögfræðingur skemmtilegasti vinkillinn og taldi það starf henta best þeim hugmyndum sem ég hafði um sögufléttur.

*Hafðir þú einhverja sérstaka fyrrmynd í huga?*

Þóra átti að vera dæmigerður fulltrúi íslenskra kvenna, dugleg, glöð og fylgin sér. Mér var mikið í mun að hún yrði ekki einhverskonar karlkona sem oft vill verða um kvenhetjur glæpasagna. Ég á margar mætar vinkonur sem hún er líklega steipt saman úr, vil ég þar sérstaklega nefna til sögunnar Elínu Árnadóttur lögmann hjá PWC.

*Telur þú að lögmansstarfið sé spennandi eins og ævintýri Þóru bera með sér?*

Ég hugsa að ég seilist nú fulllangt í þeim efnunum en það er þó aldrei að vita. Mér hefur alltaf fundist að það hljóti að vera gaman að vinna sem lögfræðingur.

Ég er raunar með á tékklistanum að skrá mig í stök námskeið í einhverri lagadeildanna, m.a. í kröfurétti en ég hef mjög gaman af því sem tengist verksamningum í mínu starfi.

*Eftir fremur lauslega könnun á lögfræðingum í íslenskum spennusögum eru karlar í stéttinni fremur óspennandi karakterar. Er einhver skýring á því?*

Nú þekki ég ekki nægilega til en finnst miður að heyra. Kannski ég verði að skjóta inn eins og einum hressum til að gæta jafnvægis. Jafnrétti kynjanna er ekki einstefnugata.

*Vinnur þú einhverja forvinnu byggða á störfum lögmanna áður en þú byggir upp sögu?*

Já það geri ég. Sérstaklega passa ég upp á að fara ekki með fleipur þegar kemur að lögum eða því hvernig kerfið í heild sinni virkar. Ekki þar fyrir að mér hafa örugglega orðið á einhver mistök í þeim efnunum. Ég nota netið töluvert til að lesa lög, reglugerðir og dóma en í undantekningartilvikum hef ég leitað álit lögfræðinga, þ.e. ef málið er þess eðlis að ég get ekki fundið út úr því á eigin spýtur. Hef ég þá fengið aðstoð m.a. Kristjáns Thorlacius, Kristínar Edwald og Elínar Árnadóttur. Allt lögfræðirugl skrifast samt á mig ef þið hafið rekist á slíkt.

Lögmaðurinn og spennusagnahöfundurinn Ragnar Jónasson hdl.:

## MENNTUNIN GETUR NÝST VIÐ RITSTÖRFIN

Þrátt fyrir ungan aldur hefur Ragnar Jónasson lögmaður stimplað sig rækilega inn sem spennusagnahöfundur með bókunum, Fölsk nóta, Snjóblinda og Myrknætti. Ragnar hefur ekki gert starf lögmansins að umfjöllunarefni í sögum sínum en þar er rannsóknarlögreglumaðurinn Ari aðalsöguhetjan. Í viðtali við Lögmannablaðið segir Ragnar það hafa verið meðvitaða ákvörðun að aðskilja dagleg störf og ritstörf.

*Nýtir þú lögmansstarfið við gerð sakamálasagna þinna?*

Það var meðvitað ákvörðun hjá mér að skrifa ekki spennusögur úr heimi lögfræðinnar – mér þótti best að reyna að aðskilja þessa tvo heima, daglegu störfin annars vegar og ritstörfin hins vegar, eftir því sem kostur er. Auðvitað koma þó stundum upp lögfræðileg álitamál í tengslum við sögufléttuna þar sem menntunin getur nýst. Ég er líka duglegur að leita til félaga minna í stéttinni þegar spurningar vakna á sviðum sem ég hef ekki sérþekkingu á, til dæmis í tengslum við störf lögreglunnar.



Mynd Ómar Óskarsson.

*Hvernig finnst þér lögmenn/lögfræðingar koma út í sögum íslenskar spennusagnahöfunda?*

Þeir koma mjög vel út, til dæmis hefur Yrsu Sigurðardóttur tekist að skapa afskaplega skemmtilega aðalsöguhetju, lögmenninn Þóru Guðmundsdóttur.

*Hvernig fer starf rithöfundarins saman við lögmennskuna?*

Þetta fer vel saman að því leyti að það er ágæt tilbreyting frá lögfræðinni að hafa tækifæri til þess að setjast niður í frítímanum og skrifa skáldsögur um eitthvað allt annað en maður er að fást við í vinnunni, en gallinn er auðvitað alltaf sá að það eru of fáir klukkutímar í sólarhringnum.

*Er starf lögmansins nógu spennandi til að eiga heima í bók?*

Já, það held ég að sé óhætt að fullyrða, en auðvitað þurfa höfundar glæpasagna oft að taka sér ákveðið skáldaleyfi til þess að krydda sögufléttur, hvort sem sögupersónurnar eru lögmenn eða lögreglumenn. Staðreyndin er þó reyndar sú að raunveruleikinn er oft lygilegri en nokkrar þær fléttur sem maður getur látið sér detta í hug.

## Úr Velvakanda Morgunblaðsins 11. mars 1970

*Oft befur mig langar til þess að senda yður línu og þá náttúrulega oftast til vandlætis ýmsu því, sem fram fer í okkar þjóðfélagi. Aldrei hef ég þó dregið staf til þess fyrr en nú. Það er þáttur laganema, „Réttur er settur“ í sjónvarpinu á sunnudagskvöld hinn 22. feb., sem brindir mér til framkvæmda. Ég hef borft á þennan þátt í vetur mér til mikillar*

*skemmtunar. Þótt stundum hafi gætt nokkurs ofleiks og ýkju í meðferð persóna, befur þátturinn verið ákaflega vel unninn og fágáður, allt til þess síðasta. Þar brá svo við að sum atriði, einkum framan af, voru bæði óbrjálega og losaralega gerð. Aðal ásteytingarsteinninn er þó, hvernig fulltrúi bændastéttarinnar var þar kynntur - eins og síðlaus ruddi og*

*fiðl. Sí-japlandi, snýtandi og klórandi sér öllum, plús orðfærri, fettur, brettur og látilaust ið meðan á réttarbaldi stóð. Já, hann var m.a.s. látinn naga skítinn undan nöglum sér!! - einnig undir réttarbaldinu.*

*Ásgerður Jónsdóttir.*



# Af Merði lögmanni

Nú er búið loksins að skipta um formann í Lögmannafélaginu. Mördur var hissa yfir því að þessi sérkennilegi maður skyldi verða kosinn sem formaður á sínum tíma. Mördur kunnir nú samt ágætlega við hann. Hann er svolítið skritinn eins og Mördur, fylgdi ekki tiskustraumum í klæðaburði og „holningin“ ekki glæsileg. Stundum leit blessaður maðurinn út eins og útigangsmáður, sólbrúnn og órakaður. Þótt Mördur verði seint talinn til fegurstu manna var hann aldrei svona illa útlítandi.

Þótt Mördur hafi að mörgu leyti kunnað ágætlega við formanninn fyrrverandi var ekki sama hægt að segja um marga aðra. Mördur hitti til dæmis landsþekktu konu um daginn á ónefndri knæpu. Sú hefur verið málkunnug Merði frá því í gamla daga þegar hann var hagaljómi á veiðilendum lostalífsins í mjaðarlausum Reykjavíkurbhreppi. Í stað þess að hneppa einni tölu neðar á velstraujaðri skyrtunni og hagraða brjóstunum til að gera skoruna meira áberandi, eins og hún hafði iðulega gert frá því þau tefldu saman sína skák, þá vatt hún sér að Merði og fór að tala um „skítasvínið formanninn“. Uppákomur sem þessar hafa verið algengar síðustu misseri og nú virðist svo komið að konur líta ekki við lögmönnum almennt.

Mördur kannaði betur hvernig á þessu staði og skoðaði hvað þessi fyrrverandi formaður hafði gert. Kom þá í ljós að hann hefur verið sífellt að gaspra í fjölmiðlum og ráðist harkalega að konum sem eru að reyna að berjast fyrir réttindum kvenna og hjálpa öðrum konum að komast undan lostugum körlum. Þótt Mördur sé nú ekki þekktur kvenréttindasinni varð honum um og ó við skrif formannsins fyrrverandi og finnst ekki skrítið að lögmenn séu ekki hátt skrifaðir hjá kvenþjóðinni. Það er því af sem áður var þegar jafnvel ófríðustu lögmenn komust á séns.

Við nánari skoðun Marðar kom ýmislegt sérkennilegt í ljós í fari formannsins fyrrverandi. Hann kann lítið í lögfræði og lét nýútskrifaðan sérfræðing í málefnum flóttamanna pakka sér saman í fjölmiðlum þegar hjálparlausu börnin frá Alsír reyndu að flýja til landsins.

Álit Marðar á formanninum minnkaði heldur þegar Möðrur áttaði sig á því að hann er sérstakur stuðningsmaður mótorhjólageringja og annars glæpalýðs. Svo ekki sé talað um stuðning hans við útrásarvíkinga og bankamenn. Mördur er greinilega ekki lengur mesti furðufuglinn í lögmennastéttinni.

En ólíkt Merði hefur formaður fyrrverandi verið kvæntur sömu konunni alla tíð sem er mjög undarlegt í ljósi skrifa hans. Konan hlýtur að hafa sérstakt langlundargeð og sennilega af framsóknarættum.

Mördur er ánægður með nýja formanninn, sem er yndislegur maður, bæði góður og fallegur. Þar er á ferð vandaður maður sem er ekki sífellt gasprandi tóma vitleysu í fjölmiðlum. Nýi formaðurinn hefur óskað eftir starfskröftum Marðar í þágu Lögmannafélagsins. Til stendur að endurvekja spilakvöldin með áherslu á framsóknarvist.



T L N A T N E F M  
A E I N F A L T N  
E T F L A I E N A



## **Þinn rekstur verður hagkvæmari með okkur**

Við spörum fyrirtækinu tíma og peninga. Þetta vita stjórnendur 7 stærstu sveitarfélaga landsins sem öll eru í viðskiptum hjá Vodafone.

Við einföldum hlutina með hagkvæmum lausnum fyrir þitt fyrirtæki.

Hafðu samband við Fyrirtækjapjónustu Vodafone í síma **599 9500** eða á [firma@vodafone.is](mailto:firma@vodafone.is).

**Þín ánægja er okkar markmið**

# Aðalfundur Lögmannafélags Íslands 2012

AÐALFUNDUR LÖGMANNAFÉLAGS ÍSLANDS 2012 fór fram á Hilton Hótel Nordica miðvikudaginn 30. maí s.l. Tæplega 300 félagsmenn sóttu fundinn að þessu sinni sem væntanlega má þakka því að tveir lögmenn voru í kjöri til formanns félagsins.

## 18 með árangurslaust fjárnám og 27 í verulegum vanskilum

Á fundinum flutti Brynjar Níelsson, hrl. og fráfarandi formaður félagsins, skýrslu stjórnar og nefnda félagsins fyrir liðið starfsár og minntist þriggja félagsmanna sem féllu frá á árinu. Þá gerði Ingimar Ingason, framkvæmdastjóri grein fyrir reikningum og afkomu félagsins, félagsdeildar og Námsjóðs síðasta rekstrarár. Framkvæmdastjóri gerði að umtalsefni vaxandi vanskil lögmanna á árgjöldum og upplýsti í því samhengi að samkvæmt samantekt Lánstrausts væru 18 félagsmenn í Lögmannafélaginu með árangurslaust fjárnám á sér og aðrir 27 væri í verulegum vanskilum. Væri þessi staða verulegt áhyggjuefni fyrir lögmennastéttina.

## Kosningar

Eins og fyrr segir voru tveir lögmenn í kjöri til formanns félagsins, þau Jónas Þór Guðmundsson, hrl. og Eva Bryndís Helgadóttir, hrl. Niðurstaða kosningar var nokkuð afgerandi, en Jónas Þór hlaut 181 atkvæði eða 67,8%, en Eva Bryndís 86 atkvæði eða 32,2%. Sjálfkjörið var í tvö laus sæti í stjórn félagsins til tveggja ára og taka þær Guðrún Björg Birgisdóttir, hrl. og Guðrún Björk Bjarnadóttir, hdl. sæti í stjórn. Áfram sitja í stjórn félagsins þeir Óskar Sigurðsson, hrl. og Borgar Þór Einarsson, hdl. Þá voru þau Jóhannes Rúnar Jóhannsson, hrl., Karl Axelsson og Jóna Björk Helgadóttir, hdl., kjörin í varastjórn félagsins til eins árs. Í laganefnd félagsins voru kjörin þau



F.v. Gunnar Sturluson, Brynjar Níelsson, Jónas Þór Guðmundsson, Borgar Þór Einarsson, Ólafur Eiríksson, Óskar Sigurðsson og Ingimar Ingason.



Hátt á þriðja hundrað manns sótti aðalfund LMFÍ að þessu sinni.

Dóra Sif Tynes, hdl. Viðar Lúðvíksson, hrl., Jón Elvar Guðmundsson, hdl., Jón Sigurðsson, hrl., Sigurður Guðmundsson, hdl., Guðrún Sesselja Arnardóttir, hrl. og Grímur Sigurðarson, hdl. Loks voru Othar Örn Petersen, hrl. og Gústaf Þór Tryggvason, hrl., kjörin skoðunarmenn félagsins og Þorbjörg Inga Jónsdóttir, hrl., til vara.

## Samþykktir félagsins

Auk framangreindra liða sem falla undir venjuleg aðalfundarstörf var lögð fram og samþykkt einróma tillaga stjórnar að breytingum á samþykktum félagsins, sem felast í því að gjalddagi árgjalda er færður til 1. janúar ár hvert í stað 1. júní. Sambærileg breyting á reglum félagsdeildar var samþykkt á aðalfundi hennar sem fram fór strax að loknum fundi lögbundna hluta félagsins.

## Tillaga til stjórnar

Undir dagskrárliðnum önnur mál lagði Ragnar Aðalsteinsson, hrl., fram

eftirfarandi tillögu að bókun sem samþykkt var eftir nokkrar umræður: „Aðalfundur LMFÍ 30. maí 2012 skorar á stjórn félagsins að beita sér fyrir endurskoðun laga nr. 77/1998 um lögmenn í því skyni að auka sjálfstæði lögmennastéttarinnar. Jafnframt beiti stjórn félagsins sér fyrir lagabreytingum sem tryggi trúnaðarsamband lögmanna og skjólstæðinga þeirra, sérstaklega með hliðsjón af niðurstöðu Hæstaréttar í máli nr. 347/2012 frá 29. maí 2012.“

## Aðalfundur félagsdeildar

Á aðalfundi félagsdeildar var kosin ný stjórn Námsjóðs LMFÍ til þriggja ára, en í henni sitja þau Erla S. Árnadóttir, hrl., Þórólfur Jónsson, hdl., Eyvindur G. Gunnarsson, lektor og Áslaug Árnadóttir, hdl., en auk þeirra tekur sitjandi meðstjórnandi í stjórn Lögmannafélagsins sæti í stjórn sjóðsins.

*Ingimar Ingason.*

JÓNAS ÞÓR GUÐMUNDSSON HRL.



## Verk að vinna

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS VERÐUR 101 árs í ár; stofnað 11. desember 1911. Fyrsta starfsárið á nýrri öld er hafið. Þetta eru merk tímamót í sögu félagsins. Fyrstu hundrað árin hafa verið heilladrjúg. Félagið hefur lagt gott til mála og mark hefur verið tekið á þeim sjónarmiðum sem það hefur sett fram. Margir lögmenn hafa komið að starfi félagsins, hvort heldur sem stjórnarmenn, í nefndum á vegum þess eða sem fulltrúar þess í opinberum nefndum.

Stofnendur Málflutningsmannafélags Íslands voru 17 talsins. Nú eru félagar í Lögmannafélaginu 968. Þar af eru lögmenn sem starfa sjálfstætt 696 og innanhússlögmenn 272. Karlar eru 692 og konur 276.

Formannskosningar hafa ekki verið algengar í félaginu. Kosningar fóru þó fram árið 2010 og á aðalfundinum 30. maí síðastliðinn, en þar áður hafði ekki verið kosið um formann síðan

1994. Síðasti aðalfundur var líklega fjölmennasti aðalfundur í sögu félagsins. Atkvæði um formann greiddu samtals 267 félagsmenn.

Hagsmunamál lögmanna eru í öllum aðalatriðum sameiginleg. Aðstæður geta þó kallað á kosningar, að mati fleiri eða færri félagsmanna. Kosningar eru að því leytnu til æskilegar, að þær beina kastljósinu að störfum stjórnar á hverjum tíma og gefa stjórnarmönnum kost á að skoða störf sín gagnrýnum augum og meta áherslur í félagsstarfinu. Þá glæða þær jafnan áhuga félagsmanna á starfi félagsins. Þannig leysist úr læðingi kraftur sem býr meðal félagsmanna og meira líf hleypur í starf félagsins.

Mikilvægt er að vel takist til við að virkja krafta félagsmanna til jákvæðra verka. Aðeins þannig næst traustur og varanlegur árangur. Það hefur verið gæfa félagsins að félagsmenn hafa jafnan lagst

á eitt í baráttunni fyrir hagsmunamálum þegar á hefur reynt.

Það er áskorun og heiður að taka við stjórn félagsins á ofangreindum tímamótum. Ég þakka þann mikla stuðning sem ég fékk frá félagsmönnum í formannskjörinu á síðasta aðalfundi. Ég mun leggja metnað minn í að standa undir því trausti sem í kjörinu felst. Ég þakka jafnframt mótframbjóðanda mínum, Evu Bryndísi Helgadóttur hrl., drengilega kosningabaráttu.

Líklega hefur sjaldan verið jafn mikil þörf á því að lögmenn og félagið standi vaktina og berjast fyrir mannréttindum og grundvallarreglum réttarríkisins. Greinileg merki sjást um að grímulaust er sótt að reglum þessum. Ekki má láta undan þrýstingi sem settur er fram með stundarhagsmuni í huga. Það verður ekki auðvelt að snúa við blaðinu ef brestir koma í réttarríkið. Lögmenn hafa verk að vinna!

**RÝMI** 75 ÁRA  
1936-2011  
OFNASMIÐJAN

Það sparast pláss og tími með lausnum frá Rými

Frábærar lausnir fyrir stofnanir, einstaklinga og fyrirtæki

Afmælis-  
tilboð á  
hillum  
-20%

- Geymslu- og lagerhillur
- Skjalaskápar á hjólum
- Starfsmanna- og munaskápar
- Verslunarinnréttingar
- Gínur og fataslár
- Lagerskúffur og bakkar
- Ofnar og hitakerfi
- Sorpilát - úti og inni



- Ráðgjöf
- Hönnun
- Sérsmíði
- Þjónusta



# Um dóm landsdóms

PANN 2. MAÍ SL. STÓÐ LAGA-STOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS Í SAMVINNU VIÐ ORATOR AÐ VEL SÓTTRI MÁLSTOFU UM DÓM LANDSDÓMS. ÞRJÚ ERINDI VORU FLUTT AF ÞEIM RÓBERT SPANÓ, FORSETA LAGAEILDAR HÁSKÓLA ÍSLANDS, SIGRÍÐI FRÍÐJÓNSDÓTTUR, SAKSÓKNARA ALÞINGIS OG FRÍÐRIKI ÁRNA FRÍÐRIKSSYNI, HDL.

## Eðli ráðherraábyrgðar

Róbert Spanó tók fyrstur til máls og sagði ráðherra sem æðstu handhafa framkvæmdarvalds bera ákveðna lagalega ábyrgð gagnvart Alþingi. Ábyrgðin fælist í því að meirihluti Alþingis gæti kært ráðherra fyrir brot í embættisrekstri skv. lögum um ráðherraábyrgð. Einungis landsdómur hefði vald til að dæma eftir framangreindum lögum og brot gegn þeim varðar sektum, embættismissi eða fangelsi. Róbert vísaði jafnframt til umfjöllunar meirihluta dómsins um eðli ráðherraábyrgðar, en þar segir að aðeins

alvarlegar ávirðingar í starfi geti leitt til þess að ráðherra verði refsað. Háttsemi sem eingöngu væri gagnrýniverð gæti ekki fallið undir hina lagalegu ábyrgð, heldur þyrfti meira að koma til.

## 10. gr. b. laga um ráðherraábyrgð

Róbert fjallaði um skýrleika 8. gr. c. og 10. gr. b. laga um ráðherraábyrgð, en ákærði Geir byggði kröfu sína um frávisun á því að framangreind ákvæði væru svo óskýr að honum væri ófært að taka til varna, sbr. 69. gr. stjkskr. Landsdómur skýrði ákvæðin eftir hlutlægum mælikvarða og sagði þau vera auðskilin góðum og gegnum manni í því embætti sem ákærði gegndi. Geir taldi hins vegar að ekki væri sýnt fram á orsakasamband milli athafnarleysis hans og þess að ekki hafi tekist að afstýra þeirri hættu sem steðjaði að ríkinu. Landsdómur var samhljóða um að brot gegn 10. gr. b. væri sérgreint hættubrot. Róbert vitnaði í rit fræðimanna og sagði slíkt brot fullframið þótt ekkert tjón hafi hlotist af verknaði.

Niðurstaða meirihlutans var sú að á Geir hefði hvílt skylda til athafna, en ákærvaldið hefði hins vegar ekki sýnt fram á að slíkar aðgerðir hefðu getað afstýrt hættu og því taldist ósannað að skilyrðum 10. gr. b. væri fullnægt. Minnihluti dómsins var ósammála og taldi að frekari athafnarskylda fælist ekki í ákvæðinu. Róbert var sammála niðurstöðu meirihlutans og taldi hana betur rökstudda.

## Um 2. hluta ákæru – 17. gr. stjkskr.

Róbert fjallaði um hvað væru mikilvæg stjórnarmálefni en dómurinn taldi það ekki háð mati forsætisráðherra, heldur skipti máli hvort þau vörðuðu hagsmuni ríkis og almennings. Dómurinn taldi einnig skipta máli hvort venja væri að fjalla um sambærileg mál á fundum en slík venja gæti þó aldrei breytt fyrirmælum 17. gr. Niðurstaða dómsins var því að ákærði hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi með því að ræða ekki tiltekin málefni á ríkisstjórnarfundum og hann var

## MÁLID Í HNOTSKURN

### MÁLID Í HNOTSKURN

Þann 10. maí 2011 höfðaði Alþingi mál gegn Geir H. Haarde fyrir brot framín af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi í embættisfærslu hans sem forsætisráðherra á tímabilinu febrúar til október 2008. Ákæruliðirnir voru sex talsins:

- 1.1 Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði, hættu sem honum var eða mátti vera kunnugt um og hann hefði getað brugðist við með því að beita sér fyrir aðgerðum, löggjöf, útgáfu almennra stjórnvaldsfyrirmæla eða töku stjórnvaldsákravðana á grundvelli gildandi laga í því skyni að afstýra fyrirsjáanlegri hættu fyrir heill ríkisins.
- 1.2 Fyrir að hafa látið undir höfuð leggjast að hafa frumkvæði að því, annað hvort með eigin aðgerðum eða tillögum um þær til annarra ráðherra, að innan stjórnkerfisins væri unnin

heildstæð og fagleg greining á fjárhagslegri áhættu sem ríkið stóð frammi fyrir vegna hættu á fjármálaáfalli.

- 1.3 Fyrir að hafa vanrækt að gæta þess að störf og áherslur samráðshóps stjórnvalda um fjármálastöðugleika og viðbúnað sem stofnað var til á árinu 2006, væru markvissar og skiluðu tilætluðum árangri.
- 1.4 Fyrir að hafa vanrækt að hafa frumkvæði að virkum aðgerðum af hálfu ríkisvaldsins til að draga úr stærð íslenska bankakerfisins með því til að mynda að stuðla að því að bankarnir minnkuðu efnahagsreikning sinn eða einhverjir þeirra flyttu höfuðstöðvar sínar úr landi.
- 1.5 Fyrir að hafa ekki fylgt því eftir og fullvissað sig um að unnið væri með virkum hætti að flutningi lcesave-reikninga Landsbanka Íslands hf. í Bretland yfir í dótturfélag og síðan leitað leiða til að stuðla að framgangi þessa með virkri aðkomu ríkisvaldsins.





F.v. Róbert R. Spanó, Aðalheiður Jóhannsdóttir fundarstjóri, Sigríður Friðjónsdóttir og Friðrik Árni Friðriksson Hirst



Fundurinn var einkar vel sóttur.

sakfelldur vegna þeirrar háttsemi. Framangreind niðurstaða var ekki rökstudd með frekari hætti en Róbert telur að meirihlutinn byggji á lögvillu sbr. 3. tl. 1. mgr. 74. gr. hgl., sem leiðir til refsibrottfalls eða refsimildunar. Meirihlutinn beitir hins vegar venju til að hafa áhrif á saknæmisstig.

Róbert taldi að dómurinn gæti haft fordæmisgildi fyrir störf ríkisstjórnar og forsætisráðherra. Stjórnmalamenn geta ekki skýlt sér á bakvið hefðir og venjur þótt slíkt geti haft gildi í pólitísku samhengi. Jafnframt er nauðsynlegt að endurskoða lög um landsdóm þar sem málsmeðferð getur verið ófyrirsjáanleg og vikið frá meginreglum um meðferð sakamála.

## Hlutverk saksóknara Alþingis

Sigríður J. Friðjónsdóttir tók næst til máls og sagði stöðu saksóknara Alþingis öðruvísi en í hefðbundnu sakamáli, þar sem hann ákvæði t.d. ekki innihald ákæru og ekkert ákæruskjal væri til staðar, heldur væri þingsályktun grundvöllur málsins. Ákæruatriðin eru nákvæmlega tiltekin í þingsályktuninni og sókn málsins bundin við þau. Alþingi kys saksóknara sem rekur málið, hann skal leita allra fáanlegra sannana fyrir kæruatriðum og gera tillögur til landsdóms um ráðstafanir til að leiða hið sanna í ljós í samráði við sérstaka þingmannanefnd. Samkvæmt lögum um landsdóm verður ákærður hins vegar aðeins dæmdur fyrir þær sakir, sem fjallað er um í þingsályktun.

Sigríður velti fyrir sér hvernig 145. gr. sml. um hlutverk sækjanda kemur við sögu en ákvæðið fjallar m.a. um að eftir rannsókn máls ákveði ákærandi hvort sækja skuli sakborning til sakar eður ei. Hins vegar skv. lögum um landsdóm var búið að ákveða fyrirfram hvað átti að kæra Geir fyrir en slík framkvæmd getur varla verið í samræmi við ákvæði 145. gr.

Hún var ósátt við að landsdómur sakfelldi ekki fyrir varakröfu ákæruvaldsins, 141. gr. hgl. Í rökstuðningi dómsins fyrir sýknu segir að málið hafi ekki verið reifað nægilega af hálfu ákæruvaldsins og ákærði Geir hafi því ekki átt þess kost að taka til varna. Sigríður er ósammála framangreindum röksemdum og fjallaði í því samhengi

2. Fyrir að hafa á framangreindu tímabili látið farast fyrir að framkvæma það sem fyrirskipað er í 17. gr. stjórnarskrár lýðveldisins um skyldu til að halda ráðherrafundi um mikilvæg stjórnarmálefni. Á þessu tímabili var lítið fjallað á ráðherrafundum um hinn yfirvofandi háska, ekki var fjallað um hann á ráðherrafundum og ekkert skráð um þau efni á fundunum. Var þó sérstök ástæða til þess, einkum eftir fund hans, Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur, Árna M. Mathiesen og formanns stjórnar Seðlabankans 7. febrúar 2008, eftir fund hans og Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur með bankastjórn Seðlabankans 1. apríl 2008 og í kjölfar yfirlýsingarinnar til sænsku, dönsku og norsku seðlabankanna sem undirrituð var 15. maí 2008. Forsætisráðherra átti ekki frumkvæði að formlegum ráðherrafundi um ástandið né heldur gaf hann ríkisstjórninni sérstaka skýrslu um vanda bankanna eða hugsanleg áhrif hans á íslenska ríkið.

Í ákæru er háttsemin, sem um ræðir í framangreindum liðum 1.1 til 1.5, talin varða aðallega við b. lið 10. gr., sbr. 11. gr. laga nr. 4/1963 um ráðherraábyrgð. Háttsemin samkvæmt lið 2. er hins vegar talin varða við c. lið 8. gr., sbr. 11. gr. sömu laga. Í öllum tilvikum er háttsemin talin varða við 141. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þá er þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með úrskurði þann 3. október 2011 tók landsdómur ákvörðun um að vísa frá ákæruvaldi 1.1 og 1.2, þannig aðeins reyndi á ákæruvaldi 1.3-1.5 og 2. Dómurinn taldi hins vegar að áfram yrði að meta liði 1.3-1.5, í ljósi upphafslýsingar liðar 1.1, sem hljóðar svo: "Fyrir að hafa sýnt af sér alvarlega vanrækslu á starfsskyldum sínum sem forsætisráðherra andspænis stórfelldri hættu sem vofði yfir íslenskum fjármálastofnunum og ríkissjóði... sem honum mátti vera kunnugt um ...".

um 2. mgr. 110. gr. sml., en skv. ákvæðinu hefur dómari skyldu til að upplýsa mál og skal beina til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði ef hann telur eitthvað óskýrt. Hún telur því að dómurinn hefði átt að beina fyrirspurnum til sín, teldi hann eitthvað óljóst í málflutningi hennar.

## Undirbúningur og rannsókn máls

Friðrik Árni Friðriksson, hdl., aðstoðarmaður Andra Árnasonar, hrl. fjallaði um hvaða kröfur væru gerðar til undirbúnings og rannsóknar landsdómsmáls. Hann velti fyrir sér hvernig staðið var að rannsókn málsins í samanburði við Tamílamálið í Danmörku en þar var sérstökum rannsóknarrétti falið að rannsaka málið áður en þingið tók ákvörðun um málshöfðun fyrir danska ríkisréttinum sem er hliðstæða

landsdóms. Framkvæmd var með ólíkum hætti í landsdómsmálinu þar sem sérstök þingmannanefnd fór yfir skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis og aflaði sérfræðialita og skriflegra athugasemda ráðherra. Nefndin réðst ekki í sérstaka framhaldsrannsókn þótt hún hefði heimildir til þess. Friðrik taldi mikilvægt að hafa í hugfast að sakamálarannsókn er skilgreind sem rannsókn þar sem stjórnvöld vinna skipulega að því að afla gagna til að taka ákvörðun um saksókn. Rannsóknarskýrsla Alþingis ein og sér getur því varla talist rannsókn, heldur er um að ræða stjórnsýsluúttekt. Hann gagnrýndi jafnframt lög um landsdóm og sagði hvergi lögfest að fara þurfi fram sérstök sakamálarannsókn áður en farið er af stað í málarekstur, slíkt sé einungis heimilt. Þá voru ekki gerðar nægar kröfur til undirbúnings ákæru og alþingismenn ekki bundnir af öðru

en persónulegri sannfæringu sinni við atkvæðagreiðslu.

Friðrik sagðist sannfærður um að hægt væri að bæta úr núverandi annmörkum með því að færa ákæruvaldið úr höndum Alþingis. Alþingi myndi þá vísa málum beint til saksóknara sem rannsakaði mál eins og hvert annað sakamál. Saksóknari tæki síðan ákvörðun um hvort gefa ætti út ákæru en væri ekki eins og viljalaust verkfæri í höndum þingsins. Það er grundvallaratriði í lýðræðisríki að réttarstaða sakbornings sé aldrei lakari en í hefðbundnu sakamáli og það má aldrei slá af nútímakröfum réttarfars sakborningi í óhag. Ef sérstaða mála leiðir til að gildandi reglum sé ekki fylgt eftir, þá erum við á hálum ís.

*Anna Lilja Hallgrímsdóttir.*



GÓÐ

Lífeyrisréttindi

Séreign, sameign, áfallalífeyrir

Verið velkomin í Borgartún 25

sími 510 2500 – [www.almenni.is](http://www.almenni.is)

## Þýðingar og textaráðgjöf

Löggiltar og almennar þýðingar.

Dóm- og skýrslutökutúlkun.

*Ellen Ingvadóttir*

Löggiltur dóm túlkur og skjalaþýðandi.

Skipholti 50b 105 Reykjavík

sími: 562-6588

bréfsími: 562-6551

GSM: 897-2717

netfang: [ellening@simnet.is](mailto:ellening@simnet.is)

## Petta segja lögmenn að loknum landsdómi



HRÓBJARTUR  
JÓNATANSSON HRL.

### Gegn grundvallarreglum sakamálaréttarfarsins

Niðurstaða landsdóms er athyglisverð fyrir margra hluta sakir. Að því er varðar lögfræðilegar forsendur og niðurstöður, þá er tvennt sem er sérstaklega umhugsunarvert. Annars vegar að landsdómur hafi talið málið tækt til efnismeðferðar þó að bæði útgáfa ákærunnar og undirbúningur málsins hafi strítt gegn grundvallarreglum sakamálaréttarfarsins; um lögreglurannsókn sem undanfara hlutlægrar ákvörðunar um ákæru sem og að sakargögnin bæru með sér meiri líkur á sekt en sýknu. Að hið pólitíska Alþingi geti ákært án þess að hinn ákærði fái að tjá sig áður er miðaldaréttarfar. Hins vegar, að refsiheildir í ákæru hafi allar verið taldar nægjanlega skýrar í skilningi stjórnarskrárinnar.



JAKOB MÖLLER HRL.

### Rannsóknarnefnd, landsdómur og sannleikurinn

Námsgögn um hrunið og ábyrgðina liggja í lagasafninu, níu bindum rannsóknarnefndar Alþingis frá 12. apríl 2010 og rösklega 400 bls. dómi landsdóms frá 23. apríl 2012. Á samantekt fjölmiðla frá rannsóknarnefnd til landsdóms er lítið að græða. Fjölmiðlar hafa ekki rýnt frásagnir og niðurstöður í skýrslu rannsóknarnefndar, hvað þá borið saman efnistöð og rökstuðning rannsóknarnefndar við landsdóm.

Í málavaxtalýsingu landsdóms er að finna skýrustu lýsingu atburðarásar frá ársbyrjun 2008 til hrunsmánaðar, en óhemju af viðbótargögnum í skýrslu rannsóknarnefndar.

Ráðherraábyrgðarlögin og lög um landsdóm þarfnast gagn Gerrar endurskoðunar.

Fyrir lögfræðinga er niðurstöðukaflí landsdóms eins og nákvæm kennsla í lögskýringafræðum, þar sem mikið er í húfi.



GUÐRÚN HELGA  
BRYNLEIFSDÓTTIR HRL.

### Dapurlegur þáttur í sögu Alþingis

Réttarfarsreglur landsdómslaga og sú framkvæmd sem þau lög byggja á standast ekki meginreglur við meðferð sakamála. Það fyrirkomulag að alþingismenn taki ákvörðun um að ákæra hvern annan stenst ekki skoðun, ef við viljum búa í réttarríki. Við atkvæðagreiðsluna á Alþingi fór ekki á milli mála að pólitíkin stýrði afstöðu manna. Það er ógeðfellt fyrirkomulag og atkvæðagreiðslan í málinu var dapurlegur þáttur í sögu Alþingis. Réttlát málsmeðferð byggir m.a. á að ákærði fái vitneskju um ákæruatriði án tafar og ekki sé dregið að skipa honum verjanda. Því var ekki að heilsa í þessu tilfelli. Hátt var reitt til høggs en niðurstaðan varð rýr. Endurskoðun laganna er brýn.



Landsbankinn



# Um fjárvörslureikninga lögmannna

**STARF LÖGMANNS LEGGUR** honum ýmsar skyldur á herðar, bæði samkvæmt lögum um lögmennt nr. 77/1998 og siðareglum lögmannna. Ein þeirra er að halda fjármunum skjólstæðinga skýrt aðgreindum frá eigin fé í samræmi við ákvæði reglna um fjárvörslureikninga lögmannna. Skyldan tekur til starfandi lögmannna, nema þeir hafi fengið undanþágu samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga um lögmennt.

## Sérstakur viðskiptareikningur

Samkvæmt reglum um fjárvörslureikninga lögmannna nr. 1192/2005 skal lögmaður færa sérstakan viðskiptareikning í bókhaldi sínu, sem sýnir inneign umbjóðandans. Á reikninginn skal færa alla fjármuni sem lögmaðurinn tekur við til varðveislu en þó er ekki skylt að færa á reikning fé sem hann tekur við og skilar samdægurs. Lögmaður skal einnig færa sérstakan sameiginlegan viðskiptareikning, sem sýnir samanlagðar innistæður umbjóðenda hans. Fjárhæð, sem samsvarar stöðu reiknings í bókhaldi lögmanns, skal varðveitt á sérstökum bankareikningi í viðskiptabanka eða sparisjóði.

Fjárvörslureikningar eru stofnaðir á nafni lögmanns og hann hefur ráðstöfunarheimild yfir þeim. Lögmaður er þó ekki réttmætur eigandi innistæðu

á reikningi og því er hún ekki hæft andlag til aðfarargerða hjá honum eða grundvöllur trygginga fyrir viðskiptum. Að sama skapi er lögmanni aðeins heimilt að hrófla við fé á fjárvörslureikningi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

## Samanburður innistæðna

Þá skal minna á að lögmanni ber á minnst þriggja mánaða fresti að bera saman og staðreyna að innistæða á fjárvörslureikningi samsvari bókfærðri stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Á sama hátt skal bera saman og staðreyna að samtala viðskiptareikninga umbjóðenda lögmanns samsvari stöðu fjárvörslureiknings í bókhaldi. Komi í ljós að innistæða á fjárvörslureikningi er lægri en nemur heildarskuldbindingum lögmanns samkvæmt fjárvörslureikningi í bókhaldi hans, skal hann bæta úr því. Öll gögn sem sýna afstemmingu fjárvörslureiknings í banka, skal varðveita eins og önnur bókhaldsgögn.

## Halda skal skrá um verðmætin

Sá lögmaður sem varðveitir og hefur umsýslu með verðbréfum umbjóðenda sinna eða hefur heimild til að ráðstafa slíkum bréfum, innistæðum á banka-reikningum í eigu þriðja aðila, skal halda skrá um verðmætin. Skyldan nær til verðbréfa og inn- og útlánsreikninga

hjá hvers kyns inn- og útlánastofnunum. Slík skrá skal vera nákvæm og sundurgreind, þar sem sannreynt er frá hverjum verðmætin koma og hver sé eigandi þeirra. Verðmætin eru aðgreind frá eigin fé lögmanns. Fyrir 1. mars ár hvert skal lögmaður senda umbjóðendum sínum sem hann annast umsýslu fyrir skrá og upplýsingar um verðbréf og fjármunahreyfingar vegna þeirra. Gögnin skulu vera fyrir síðastliðið almanaksár og staðfest með dagsetningu og undirskrift lögmanns. Þessi gögn skal einnig varðveita eins og önnur bókhaldsgögn.

## Eftirlit

Stjórn Lögmannafélag Íslands hefur eftirlit með því að framangreindum reglum sé fylgt eftir. Eftirlitið felst í því að lögmaður skal fyrir 1. október ár hvert senda stjórn LMFÍ yfirlýsingu, staðfesta af löggiltum endurskoðanda, um að staða fjárvörslureiknings í banka þann 31. desember á umliðnu ári sé ekki lægri en staða vörslufjár samkvæmt bókhaldi. Samtímis skal lögmaður senda stjórn LMFÍ samantekt og niðurstöður, staðfestar af löggiltum endurskoðanda. Hafa ber í huga að stjórn LMFÍ getur hvenær sem er krafist þess að lögmaður láti henni í té með fyrirvara, framangreinda yfirlýsingu og fylgigögn.

Ef meðferð lögmanns á vörslufé er ábótavant eða ef hann brýtur á annan hátt í bága við reglur þessar, getur

stjórn félagsins krafist þess að lögmaður sendi henni ársfjórðungslega eða oftari yfirlýsingu og nauðsynleg fylgigögn. Við slíkar aðstæður getur stjórnin jafnframt ákveðið að fela trúnaðarendurskoðanda sínum að rannsaka hvort lögmaður fari eftir reglum og fullnægi bókhaldslögum að öðru leyti. Gefi rannsókn tilefni til getur stjórn LMFÍ ákveðið að viðkomandi lögmanni sé óheimilt að ráðstafa innistæðum á fjárvörslureikningum, nema að fengnu leyfi trúnaðarmanns sem stjórnin tilnefnir.

Lögmanni sem rannsókn er beint að er

skylt að láta stjórninni eða trúnaðarmanni hennar í té allar upplýsingar um rekstur sinn og efnahag, sem krafist kann að verða, svo og að veita aðgang að öllum bókhaldsgögnum og öðrum gögnum, sem rannsakandi telur hafa þýðingu fyrir rannsóknina. Lögmannafélag Íslands ber kostnað af slíkri rannsókn en er hins vegar heimilt í ákveðnum tilvikum að krefja þann lögmann, sem rannsókn beinist að um greiðslu kostnaðar. Slík tilvik geta verið fyrir hendi ef rannsókn er viðamikil og leiðir í ljós misbresti í störfum lögmannsins.

## Viðurlög

Lögmaður sem gerist brotlegur við ákvæðum reglna um fjárvörslureikninga lögmannna og sinnir ekki áskorun Lögmannafélags Íslands um að starfa í samræmi við þær, getur búið við að dómsmálaráðherra felli úr gildi starfsréttindi hans skv. 3. mgr. 13. gr. laga um lögmennt. Stjórn LMFÍ hvetur félagsmenn sína sérstaklega til þess að kynna sér nánar inntak regnanna, en þær má finna á heimasíðu félagsins undir flípanum handbók lögmannna.

# Vel sóttur aðalfundur FKL



Mikil stemning var á aðalfundi FKL en f.v. eru Laufey Kristjánsdóttir, Vigdís Ósk Sveinsdóttir og Katrín Smári Ólafsdóttir.

AÐALFUNDUR FÉLAGS KVENNA í lögmenntu (FKL) var haldinn föstudaginn 13. apríl sl. Auður Björg Jónsdóttir hdl. var kosin formaður en auk hennar voru Guðrún Sesselja Arnardóttir hdl., Harpa Sólveig Björnsdóttir hdl., Helga María Pálsdóttir hdl. og Marta Margrét Rúnarsdóttir kosnar í stjórn. Hrefna Kristín Jónsdóttir hdl. og Helga Lára Hauksdóttir hdl. voru kosnar í varastjórn.

Fráfarandi formaður, Þyrí Halla Steingrímsdóttir hdl., fór yfir skýrslu

stjórnar og viðburði nýliðs starfsárs. Félagið stóð fyrir nokkrum göngum: Esjuferð, Jónsmessugöngu á Helgafell og göngu um Elliðaárdal sem endaði með sundferð í Árbæjarlaug. Fjölsóttustu viðburðirnir voru „happy hour“ á Hilton hóteli seinnipart föstudags, sem efnt var til í tvígang. Félagið stóð fyrir tveimur námskeiðum; golfnámskeiði og námskeiði um framkomu í fjölmiðlum sem haldin voru í samvinnu við önnur fagfélög kvenna. Fagfélögin stóðu einnig fyrir sameiginlegum fundi um sýnileika kvenna í fjölmiðlum sem var mjög fjölsóttur. Þá tók lið á vegum FKL

þátt í innanhúsmóti LMFÍ í knattspyrnu en liðið stóð sig með mikilli þryði og naut mikils stuðnings meðal áhorfenda.

Fundurinn var afar vel sóttur sem er mikið gleðiefni fyrir stjórn FKL. Það er skýrt merki um síaukinn áhuga kvenlögmannna á félaginu enda hefur mæting á viðburði á vegum félagsins verið góð undanfarin ár og er alltaf að aukast. Að loknum aðalfundarstörfum var boðið upp á veitingar en mikið var rætt um tilgang félagsins og mikilvægi þess að efla félagstengsl kvenlögmannna.

*Auður Björg Jónsdóttir hdl.*

# Námskeið



NÁMSKEIÐUM VORANNAR LAUK með sögugöngu með Guðjóni Friðrikssyni sagnfræðingi sem nefndist „Húsin í bænum“. Gengið var frá ráðherra-bústaðnum á Tjarnargötu um miðbæinn og sagðar sögur af fólki í fortíð með áherslu á lögfræðinga bæjarins fyrir einni öld eða svo.

## Konur duglegri að sækja námskeið

Alls 144 sóttu námskeið vorannar sem er svipaður fjöldi og undanfarin ár. Alls ellefu námskeið voru auglýst en einu var frestað til hausts og hætt við annað vegna lítillar þátttöku.

Árið 2011 sóttu 315 þátttakendur 16 námskeið á vegum Lögmannafélags

Íslands eða sem nemur 32% félagsmanna LMFÍ. Það er þó ekki svo að hver félagsmaður fari aðeins einu sinni á námskeið. Þegar þátttakendur námskeiða eru skoðaðir nánar kemur í ljós að 154 lögmenn sóttu námskeið á síðasta ári eða 15% félagsmanna. Alls 131 lögmaður sótti eitt námskeið, 31 sótti tvö námskeið og 25 sóttu þrjú námskeið eða fleiri.

## 22% lögmanna á aldrinum 30-39 ára sóttu námskeið

Þegar þátttaka lögmanna er skoðuð eftir aldri kemur í ljós að 18% lögmanna undir þrítugu sóttu námskeið LMFÍ 2011, 22% milli 30-39 ára og 20% lögmanna milli 40-49 ára. Einungis 11% lögmanna milli 50-69 ára sóttu námskeið og 2% yfir sjötugu. Þess má geta að konur eru mun duglegri að sækja námskeið LMFÍ en karlar. Þær voru 41% þátttakenda en voru á þessum tíma 27% félagsmanna.

EI

 BREYTING Á FÉLAGATALI

### NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI ÍSLANDS

**Einar Hugi Bjarnason hrl.**  
Íslenska lögfræðistofan slf.  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogi  
Sími: 412-2800

**Hlynur Halldórsson hrl.**  
Landslög  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2900

**Jóhann Haukur  
Hafstein hrl.**  
Íslenska lögfræðistofan slf.  
Smáratorgi 3  
201 Kópavogi  
Sími: 412-2800

**Pyri Halla  
Steingrimsdóttir hrl.**  
Acta lögmennsstofa  
Smáratorgi 3, 14. hæð  
201 Kópavogi  
Sími: 533-3200

### NÝ MÁLFLUTNINGS- RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMI

**Anna Lilja  
Ragnarsdóttir hdl.**  
Vátryggingafélag Íslands hf.  
Ármúla 3  
108 Reykjavík  
Sími: 560-5230

**Anna Þórdís  
Rafnsdóttir hdl.**  
Mörkin lögmennsstofa hf.  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík  
Sími: 414-4100

**Árný Jónína  
Guðmundsdóttir hdl.**  
Rökstólar  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 898-0842

**Birgir Ottó Hillers hdl.**  
Fjármálaeftirlitið  
Höfðatúni 2  
105 Reykjavík  
Sími: 520-3700

**Diljá Mist Einarsdóttir hdl.**  
Lögmál ehf.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík  
Sími: 511-2000

**Edda Guðrún  
Sverrisdóttir hdl.**  
Straumur  
fjárfestingabanki hf.  
Borgartúni 25  
105 Reykjavík  
Sími: 585-6634

**Elínborg Jónsdóttir hdl.**  
Lögmál ehf.  
Skólavörðustíg 12  
101 Reykjavík  
Sími: 511-2000

**Friðrik Árni Friðriksson  
Hirst hdl.**  
Juris lögmennsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 580-4400

**Halla Björg Evans hdl.**  
KPMG – skatta og  
lögfræðisvið  
Borgartún 27  
105 Reykjavík  
Sími: 545-6150

**Harpa Samúelsdóttir hdl.**  
LOGOS lögmennsþjónusta  
Efstaleiti 5  
103 Reykjavík  
Sími: 540-0345



**Hafliði Gunnar Guðlaugsson hdl.**  
Skrifstofa borgarlögmanns  
Ráðhúsi Reykjavíkur,  
Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík  
Sími: 410-4100

**Hildur Björnsdóttir hdl.**  
Réttur – Aðalsteinsson &  
Partners ehf.  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík  
Sími: 511-1206

**Heimir Fannar Hallgrímsson hdl.**  
Kaupþing hf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 856-8873

**Ólafur Karl Eyjólfsson hdl.**  
Íslenska Gámafélagið ehf.  
Gufunesvegi  
112 Reykjavík  
Sími: 840-5787

**Jón Gunnar Ásbjörnsson hdl.**  
Landslög lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2911

**Lilja Bjarnadóttir hdl.**  
Lex lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2642

**Margrét Halldóra Hallgrímsdóttir hdl.**  
Landslög lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 520-2911

**Magnús Barðdal Reynisson hdl.**  
Íbúðalánasjóður  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
Sími: 545-9000

**Salka Hauksdóttir hdl.**  
Landsbanki Íslands hf. (í  
slitameðferð)  
Austurstræti 16  
155 Reykjavík  
Sími: 410-3958

**Sigurður Kári Tryggvason hdl.**  
Lex lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 590-2600

**Súsanna Björg Fróðadóttir hdl.**  
Lögfræðistofa Suðurnesja  
Hafnargötu 51-55  
230 Reykjaneshá  
Sími: 420-4040

**Páll Jónsson hdl.**  
Nordik Legal slf.  
Suðurlandsbraut 18  
108 Reykjavík  
Sími: 522-5216

## ENDURÚTGEFIN MÁLFLUTNINGSRÉTTINDI

**Finnur Magnússon hdl.**  
JURIS lögmannsstofa  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 580-4400

**Guðbjörg Matthíasdóttir hdl.**  
Vox lögmannsstofa  
Mörkinni 3  
108 Reykjavík  
Sími: 557-3984

**Hörður Guðmundsson hdl.**  
Expectus Luxembourg SARL.  
9, Rue Mere Teresa  
8033, Strassen  
Luxemborg  
Sími: 440-4000

## NÝTT AÐSETUR

**Ástríður Gísladóttir hrl.**  
Íslög ehf.  
Túngötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 414-7400

**Guðmundur Egill Erlendsson hdl.**  
Kaupvangsstræti 1, 2. hæð  
600 Akureyri  
Sími: 693-1883

**Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.**  
Íslög ehf.  
Túngötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 414-7400

**Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.**  
Lögvík ehf.  
Túngötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 414-7400

**Helga Hlín Hákonardóttir hdl.**  
Lögmannsstofan Lixia slf.  
Lynghólum 9  
210 Garðabær  
Sími: 564-6400

**Lögmannsstofa Hjálmars Blöndal hdl.**  
Klapparstíg 25-27  
101 Reykjavík  
Sími: 519-3360

**Lögmenn ÁSK ehf.**  
Fákafeni 11, 2. hæð  
108 Reykjavík  
Sími: 820-7700

**Lilja Margrét Olsen hdl.**  
Katla lögmannsstofa  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími: 862-4642

**Steinar Þór Guðgeirsson hrl.**  
Túngötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 414-7400

**Rökstólar ehf.**  
Lágmúla 7  
108 Reykjavík  
Sími: 516-4048

**Prolegal ehf.**  
Hafnarstræti 20  
101 Reykjavík  
Sími: 527-1500

## NÝR VINNUSTAÐUR

**Aðalheiður Helgadóttir hdl.**  
Lánasjóður íslenskra  
námsmanna  
Borgartúni 21  
105 Reykjavík  
Sími: 560-4000

**Ásmundur Tryggvason hdl.**  
Íslandsbanki  
Kirkjusandi  
105 Reykjavík  
Sími: 440-4000

**Finnur Magnússon hdl.**  
Juris slf.  
Borgartúni 26  
105 Reykjavík  
Sími: 580-4400

**Grímur Hergeirsson hdl.**  
Pacta  
Austurvegi 3  
800 Selfoss  
Sími: 440-7900

**Hólmgeir Elías Flosason hdl.**  
Verjendur lögmenn  
Síðumúla 13  
108 Reykjavík  
Sími: 515-1809

**Jónína Guðmundsdóttir hdl.**  
Pacta lögmenn  
Austurvegi 3  
800 Selfoss  
Sími: 440-7900

**Ingólfur Kristinn Magnússon hdl.**  
Lagarök  
Síðumúla 27  
108 Reykjavík  
Sími: 588-1177

**Lilja Margrét Olsen hdl.**  
Katla lögmannsstofa  
Suðurlandsbraut 30  
108 Reykjavík  
Sími: 862-4642

**Guðmundur Egill Erlendsson hdl.**  
Kaupvangsstræti 1, 2. hæð  
600 Akureyri  
Sími: 693-1883

**Guðrún Björg Birgisdóttir hrl.**  
Íslög ehf.  
Túngötu 6  
101 Reykjavík  
Sími: 414-7400

**Litla prent**

Stórt verk lítið mál



**prent.is**

Litlaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi  
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litla@prent.is



# VINNUM TÍMA!

Með því að fela TCM-alþjóðainnheimtu innheimtu erlendra skulda opnast aðgangur að fyrsta flokks innheimtubjónustu hjá yfir 100 traustum TCM innheimtu- og lögfræðistofum um allan heim. Sparaðu tíma og fyrirhöfn – settu þig í samband við okkur.



**TCM INNHEIMTA**  
SUDURLANDBRAUT 4A  
108 REYKJAVÍK  
[www.tcm.is](http://www.tcm.is)